



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Spunakennsla

Samanburður á kennsluaðferðum fyrir byrjendur

Matthías Helgi Sigurðarson

Lokaverkefni til B.Mus.Ed-prófs

Listaháskóli Íslands

Tónlistardeild

Vorönn/apríl 2024

Spunakennsla

Samanburður á kennsluaðferðum fyrir byrjendur

Matthías Helgi Sigurðarson

Lokaverkefni til B.Mus.Ed-prófs í rytmískri söng- og hjóðfærakennslu

Leiðbeinandi: Sigurður Hjörtur Flosason

Rytmísk söng- og hjóðfærakennsla

Tónlistardeild

Vorönn/apríl 2024

Ritgerð þessi er 6 ECTS eininga lokaverkefni til B.Mus.Ed-prófs í rytmískri söng- og hljóðfærakennslu við Listaháskóla Íslands. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um spunakennslu í djass-samhengi og ýmsar kennsluaðferðir sem notaðar eru með byrjendum á því sviði. Rýnt er í kennslubækur þar sem farið er yfir ýmis hugtök og aðferðir. Þá eru tekin viðtöl við fimm tónlistarkennara sem spurðir eru fjögurra spurninga sem tengjast spunakennslu og svör þeirra borin saman. Kennararnir kenna á mismunandi hljóðfæri. Tveir þeirra kenna á gítar, einn á saxófón, einn á trompet og einn á píanó. Í lok ritgerðarinnar eru kennsluaðferðir skoðaðar og gerð tilraun til að finna rauða þráðinn sem tengir þær saman.

Mikilvægt er að byrja á einföldum hugmyndum þegar um byrjendur í spunakennslu er að ræða. Þannig nær nemandi utan um það sem verið er að kenna og námsefnið verður jafnframt skemmtilegt frekar en eitthvað til að vera smeykur við. Þar skiptir hendingamótun miklu máli. Það að hugsa lagrænt getur gefið spunanum meira líf og hljómar hann þá meira sannfærandi. Stór hluti tónlistarnáms, þ. á m. spuni, er virk hlustun á ýmsar tegundir tónlistar. Þannig nær nemandi dýpri skilning á tónlistinni sem hann er að spila. Einnig er mikilvægt að spilagleðin skíni í gegn frekar en að eyða of miklum tíma í fræðilegu hliðina á spuna, þó það sé mjög mikilvægt seinna meir í náminu.

Efnisyfirlit

Inngangur	7
1. Kennslubækur	8
2. Viðtöl	11
2.1 Fyrsta spurning: Hvernig er þín nálgun á spunakennslu hjá nemanda sem er að byrja í spuna?	11
2.2 Önnur spurning: Notar þú eitthvað spunakennsluefni?	15
2.3 Þriðja spurning: Hefur nálgun þín breyst frá því þú byrjaðir að kenna spuna?	16
2.4 Fjórdða spurning: Hverjir eru algengustu erfiðleikarnir sem koma upp í spunakennslu byrjenda?	18
3. Umræða	23
Lokaorð	25
Heimildaskrá	26
Viðauki 1	27
Viðauki 2	28

Inngangur

Í rytmísku tónlistarnámi er mjög mikilvægt að nemandinn nái góðum tókum á spuna og fái hann til að flæða eðlilega og áreynslulaust við leik á hljóðfæri sitt. Það á sérstaklega við í djass-tónlistarnámi. Tónlistarkennarinn spilar þar stórt hlutverk og getur haft mikil áhrif á nemanda sinn eftir því hvaða kennsluaðferðir hann notar. Kennsluefni í spuna er eins misjafnt og það er mikið auk þess sem hver tónlistarkennari hefur sínar áherslur og aðferðir. Hér skiptir jafnframt máli hvar nemandinn er staddur í tónlistanáminu, þ.e. hvort hann er byrjandi eða lengra kominn, ungur eða gamall.

Tilgangur þessarar ritgerðar er að varpa ljósi á spunakennslu byrjenda hér á landi og þær aðferðir sem tónlistarkennarar nota þegar nemendur eru skammt á veg komnir í tónlistarnámi sínu. Höfundur lék forvitni á að kynna sér þetta efni og um leið varpa ljósi á kosti og galla þeirra aðferða sem notaðar eru í spunakennslu byrjenda, m.a. með samanburði á þeim.

Til að ná góðri yfirsýn yfir viðfangsefnið voru tekin viðtöl við fimm tónlistarkennara og þeir beðnir um að svara sömu fjórum spurningunum sem allar tengjast spunakennslu byrjenda. Skemmst er frá því að segja að niðurstöður þeirra viðtala komu höfundu ekki á óvart. Viðmælendur voru sammála um mikilvægi þess að fá byrjendur til að slaka á og njóta tónlistarinnar án allrar hræðslu við að gera mistök. Þá kom berlega í ljós að hvað byrjendur varðar hentar ekki alltaf að styðjast við kennslubækur. Það á frekar við í tilviki þeirra nemenda sem lengra eru komnir í tónlistarnáminu.

1. Kennslubækur

Það er mikið hægt að læra af kennslubókum. Þetta á einnig við um kennslubækur í tónlist og ekki síst kennslubækur um spuna. Mikið er til af bókum þar sem farið er yfir djasstungumálið og mismunandi leiðir til þess að byrja spunaferlið. Nefna má marga höfunda svo sem Jamey Aebersold, David Baker, Hal Crook, Jerry Coker, Jerry Bergonzi og Scott Reeves, svo einhverjir séu nefndir. Í þessum kafla verða skoðaðar fimm kennslubækur og rýnt í þær kennsluáðferðir sem þar koma fyrir. Ekki er um tæmandi lista kennslubóka að ræða. Margar bækur hafa verið ritaðar um efnið og mismunandi aðferðir til að nálgast efnið.

A new approach to jazz improvisation: Volume 1

Í þessari kennslubók er farið yfir hvernig á að æfa tónstiga, hljóma og munstur á ákveðinn máta. Það á að spila tónstigann upp að níund og niður aftur, spila fyrstu fimm nóturnar upp og niður í mismunandi hraða, spila þríhljóminn, sjöundahljóminn, níundahljóminn o.s.frv. Einnig eru í boði upptökur sem hægt er að spila með. Í bókinni er að finna ýmsar æfingar sem hægt er að spila yfir þessar upptökur og í henni eru æfðir ýmsir rytmar en einnig tilfinning nemandans fyrir tónstiganum sem hann er að æfa svo hann geti heyrt tónstigann betur fyrir sér. Byrjað er á einföldum rytmum en þeir verða flóknari í seinni hluta bókarinnar. Fyrsti tónstiginn sem tekinn er fyrir er dórískur tónstigi og hann er notaður í fyrri hluta bókarinnar. Í bókinni er samt tekið fram að hægt er að nota þessar æfingar fyrir hvaða tónstiga sem er. Þá er snert á penatóník og blússkalanum og einnig minnst á tónheyrn. Bókin fer síðan út í krómatík meðal annars og þá eru hlutirnir orðnir dálítið flóknir fyrir byrjendur. ¹

Learn to Improvise Jazz: Major and Minor in every key

Þessi kennslubók er miðuð við aðeins lengra komna. Strax er hoppað í hluti eins og krómatík og bebop skalann sem bæði eru tiltölulega flókin fyrirbæri í spuna. Þó má finna nokkra hluti í bókinni sem að geta hentað byrjendum. Í bókinni er fjallað um hendingamótum og nokkra ákveðna hluti í þeim málum. Fjallað er um að hlusta á það sem er gangi í kringum mann, endurtaka hugmyndir, spila það sem maður kann jafnvel þó að það séu bara nokkrar nótur, reyna

¹ Aebersold, Jamey. *A New Approach to Jazz Improvisation: Volume 1*(USA: Jamey Aebersold, 1979), bls. 4-17.

að spila það sem maður heyrir fyrir sér og fleiri góð ráð. Annars er þessi bók full flókin fyrir nemendur sem eru að stíga sín fyrstu skref í spuna.²

Creative jazz improvisation

Fyrsti kafli kennslubókarinnar fjallar um það hvað hægt er að spila yfir Maj7 hljóma og fylgja ákveðnar æfingar tengdar því. Í bókinni er undirspil sem spilar marga ótengda Maj7 hljóma og þá á nemandinn að spila tónstigann sem á við þann hljóm. Síðan er tekið dæmi um sóló sem nýtir yfirferð fyrir í kaflanum. Þetta er síðan endurtekið fyrir moll7 hljóma. Næsti kafli tekur á forsjöundahljómunum og er eins uppsettur og fyrri kaflar bókarinnar. Næstu kaflar fara yfir hinar kirkjutóntegundirnar og hvernig hægt er að nota þær yfir mismunandi hljóma í svipaðri uppsetningu og í fyrri köflum. Að lokum er kafað út í rytma, blúsform, II-V-I sambandið, heiltónaskalann, dimskalann, djassmoll og ýmis önnur hugtök sem ekki eru fyrir byrjendur.³

Jazz improvisation: A comprehensive method of study for all players

Í þessari kennslubók er tekið á flóknum hugtökum og farið út í að útskýra hvern og einn hljóm og hvernig hann er uppbyggður. Mikil áhersla er lögð á að kunna allt í öllum tóntegundum og í bókinni er æfing sem fer með mann í gegnum fimmundahringinn með allskonar tónstigum og hljómunum. Þá er líka fjallað um hendingamótun, dýnamík og aðferðir til að spila nótu. Fjallað er um nokkrar aðferðir við að taka sóló yfir lag. Ein aðferðin felst í því að nálgast spuna út frá tónstiganum. Nemandinn greinir hljómaganginn í laginu og finnur hvaða tónstigi á að vera yfir hvaða hljómunum. Kannski er það þannig að einn tónstigi gengur yfir marga hljóma en kannski þarf að skipta oft um tónstiga. Önnur aðferðin er að nota hljómatóna og snerta þá á hverjum hljómi sem kemur í laginu. Fyrri nálgunin er kölluð lárétt nálgun og sú seinni er kölluð lóðrétt nálgun. Ein önnur aðferð er nefnd þar sem munstur er ákveðið fyrir fram eða á staðnum og það svo aðlagað að nýjum kringumstæðum. Einnig er fjallað um að þjálfa eyrun í spilamennsku og að nemandinn reyni að syngja það sem hann vill spila. Eftir það er farið yfir í flóknari hugtök eins og krómatík o.fl.⁴

² Aebersold, Jamey, *Learn to Improvise Jazz: Major and Minor in every key* (USA: Jamey Aebersold Jazz, 2009), bls. 1-8.

³ Reeves, Scott D., *Creative Jazz Improvisation* (USA: Prentice Hall, 1989), bls. 1-32.

⁴ Baker, David, *Jazz Improvisation: A comprehensive method of study for all players* (USA: Frangipani Press, 1983), bls. 4-25.

How to improvise

Þessi kennslubók fer mjög nákvæmlega í spunatengt efni. Í inngangi bókarinnar er fjallað um mikið af hugtökum og ákveðin speki tengd því að spila og að æfa sig. Það sem stendur upp úr er hvernig spuna er skipt upp í þrennt. Hvenær á að spila, hvernig á að spila og hvað á að spila. Þetta er áhugaverð leið til að skipta spuna upp í meltanlegar einingar. Einnig er farið út í æfingar og hvernig best er að nálgast þær. Fjallað er um að eyða miklum tíma í færri atriði í einu til þess að festa það sem verið er að æfa vel í minni.⁵

Í fyrsta kafla er fjallað um hendingamótun og þá sérstaklega hvenær á að hafa þagnir í sólói. Gefnar eru upp nokkrar æfingar sem tengjast því að spila ákveðna hugmynd, stoppa og halda síðan áfram með þá hugmynd eftir þögnina. Einnig er æft að vera með mislangar þagnir og gera það sama með lengdina á frösunum sem spilaðir eru. Í framhaldinu er fjallað um mikilvægi laglínu og hvað gott er að hafa hana á bak við eyrað þegar komið er að spuna. Einnig er komið inn á stefmyndun og mikilvægi hennar, þ.e. líkindi og lengd hennar og litun heildarmyndar á sólói. Síðan er fljótt farið út í rytmatengd atriði og hvernig rytmi er notaður í spuna. Hann getur haft mikil áhrif á hvernig sóló situr í þelinu og hversu margar nótur komast t.d. fyrir á einum takti. Þá er líka fjallað um swing-feel og hvað það er stór partur af tungumáli spunans.⁶

Bókin heldur áfram á þessum nótum, snertir á mörgum mismunandi hugtökum og greinir þau vel. Sem dæmi er tekið á dýnámík, leiðsögutónum, skrautnótum, sýnkóperingu, spilun yfir taktstrikið, að þróa áfram hugmynd og mörgu fleiru. Þessi kennslubók á það sameiginlegt með hinum sem fjallað er um í þessum kafla að hún verður flóknari þegar á líður lesturinn og seinni kaflar hennar henta ekki vel byrjendum þó þeir gætu haft gagn á því að skoða þá.⁷

⁵ Crook, Hal, *How to Improvise: An Approach to Practicing Improvisation* (West Germany: Advance Music, 1991), bls. 13-16.

⁶ Crook, *How to Improvise*, bls. 17-36.

⁷ Crook, *How to Improvise*, bls. 37-125.

2. Viðtöl

Tekin voru viðtöl við fimm tónlistarkennara sem hafa mikla reynslu í spunakennslu. Viðmælendur voru valdir með tilliti til þess að þeir eru að kenna á mismunandi hljóðfæri en með því má fá eins góða heildarmynd af svörum þeirra og hægt er. Valdir voru tveir gítarkennarar, einn trompetkennari, einn saxófónkennari og einn píanókennari til að taka þátt í viðtölunum. Eftirfarandi svör þeirra eru í sömu röð. Viðmælendur eru ekki nafngreindir í þessari ritgerð og verða þeir því kallaðir kennari 1, kennari 2, kennari 3, kennari 4 og kennari 5. Viðmælendur voru spurðir fjögurra spurninga (sjá viðauka 1) sem allar ganga út frá því að um spunakennslu byrjenda sé að ræða. Viðtölin voru upprituð og má finna þau í viðauka 2.

2.1 Fyrsta spurning: Hvernig er þín nálgun á spunakennslu hjá nemanda sem er að byrja í spuna?

Kennari 1

Kennari 1 telur nálgunina í spunakennslu hjá byrjanda vera margbrotna. Það er ekki nein ein leið sem hægt er að fara hvað það varðar. Það fer alveg eftir nemandanum. Þar spilar inn í aldur hans, bakgrunnur, geta og slíkt. Mikilvægt sé að finna sameiginlegan flöt á kennslunni þannig að nemandinn þori að taka ákvarðanir og taka stökkið í að skapa eitthvað sjálfur. Það er mjög mikilvægt og ekki má gleyma því að nemandinn þurfi að vera öruggur með það sem hann er að gera. Það getur leitt til þess að hann hitti á einhverja tónlistarlega tjáningu eða túlkun sem hann er sáttur við. Horfa þarf til bæði framkvæmdarlegrar getu og hugmyndalegrar getu nemandans og fá hann jafnvel til að spila með einhverjum takti eða tónlist sem segir honum eitthvað. Hann þarf að finna til innblásturs og tengja tónlistina við innblástur sinn innan einhvers ramma. Þannig spilar nemandinn til að byrja með og síðan má reyna að taka lítil skref í einu til að stökkva lengra. Hvað byrjendur varðar þarf að gæta að sjálfstrausti þeirra og reyna að fá þá af stað án þess að eyðileggja það. Jarðvegurinn þarf að vera þannig að hann geti spilað eitthvað í fáum tónum sem hljómar í rauninni vel þrátt fyrir að hann sé ekki með mikla reynslu. Þá skiptir þelið auðvitað miklu máli.

Hvað sérstaka tónstiga eða brotna hljóma varðar þá notar kennari 1 þá ef nemandinn og geta hans leyfir það. Mikilvægt er að endurtaka og nota það sem nemandinn tekur við umfram það og það sem hann þekkir. Það er nauðsynlegt að hlusta og skapa smá tónflæði til að spilla ekki

fyrir sköpun nemandans. Í framhaldinu má sýna lítil stef og biðja nemandann um að prófa þetta og hitt. Mjög gott er að vanda sig fyrst við pentatóník og ef nemandinn hefur getuna til þess má fara út í flóknari tónstiga. Þá skiptir máli að gefa nemandanum góðar hugmyndir, melódíu og stefmyndun. Það skiptir einnig máli að kveikja innblástur nemandans og láta honum líða það vel að hann stökkvi út í spunann. Í kjölfarið má síðan hlaða á hann meira efni, tónstigum og brotnum hljómunum. Þetta er efni sem unnið er áfram með. Þá þarf að hafa í huga að passa sig á því að vera innan einhvers ramma sem nemandinn ræður við. Mikilvægast er að eyðileggja ekki sköpunargleði og sjálfstraust nemandans.

Kennari 2

Kennari 2 telur nálgunina í spunakennslu hjá byrjanda fara mikið eftir því hvar hann er staddur á hljóðfærinu. Flestir byrja á því að leika sér út frá einhverjum einföldum skólum eins og pentatóník eða blússkalanum. Þá er oftast reynt að vinna með einfalda hljómaganga, blús hljómaganga eða jafnvel bara einn hljóm í einu. Það skiptir einnig miklu máli hvar nemandinn er staddur á hljóðfærinu. Hægt er að láta þá nemendur sem eru með þokkaleg tök á hljóðfæri sínu styðjast við laglínu í lögum. Ekki er nóg að hreyfa sig á milli nótna heldur þarf að leggja áherslu á að allt er í raun og veru opið, þ.e. bæði rytmar og melódíska hliðin. Það þarf að fá nemanda til að hugsa þetta þannig að um sé að ræða einhvers konar laglínur sem hann er að búa til. Það fari síðan eftir því hvar nemandinn er staddur hvort hann fái frjálssar hendur til að fara út fyrir tónstigann. Ef nemandinn hefur ekki mikla færni á hljóðfærið þá telur kennari 2 betra að halda þessu innan einhverja marka og fá hann til að hugsa lagrænt. Þá getur hann fraserað hluti og ekki bara farið á milli nótnanna. Mögulega getur hann rennt upp í nótur eða teygt eða eitthvað því um líkt.

Kennari 3

Kennari 3 telur nálgunina í spunakennslu hjá byrjanda fara alveg eftir því hvar nemandinn er staddur í náminu. Það er að sjálfsögðu hægt að kenna spuna alveg frá byrjun og það fari í rauninni alveg eftir getu hljóðfæraleikarans. Spuni er í rauninni eitthvað frjálst innan í manni og það eina sem takmarkar nemanda er í rauninni hans eigið innsæi eða eðli. Þannig að ef um er að ræða nemanda sem er kominn eitthvað áleiðis í námi má nálgast spunann í gegnum það sem nemandinn kann og það er yfirleitt bara dúr og moll. Við erum alin upp við lög sem eru

annað hvort í dúr eða moll og það er bara okkar kerfi. Þannig að nálgast þarf nemandann út frá því sem hann kann og tala almennt við hann um spuna. Spuni er náttúrulega bara nokkur atriði. Þetta snýst um það hvað eigi að spila og hvernig eigi að spila það. Yfirleitt er það dúrinn og mollinn sem byrjandi þarf að vinna úr. Þegar skoðað er hvernig má gera það kemur oft í ljós að þagnir eru jafn mikilvægar og það sem nemandinn er að spila. Nemandinn þarf að hafa lagið í huga og láta laglínuna ráði svolítið þar sem hún er akkerið. Nemandinn þarf að hugsa um hana, breyta henni eða búa til sína eigin útgáfu af henni. Þá þarf að hafa í huga að þetta getur verið erfitt fyrir nemanda í byrjun. Það er auðveldara fyrir hann ef honum er sagt að spila t.d. C eða E heldur en ef honum er sagt að gera bara eitthvað. Best er að fá nemendur til að spila eitthvað sem þau eru búin að læra og tengja við, t.d. dúr og moll. Það þarf að efla skilning þeirra á þeim grunni sem verið er að byggja á, þ.e. á hvaða grunni lögin byggja. Pentatóníkin er þar virkilega nothæf og hægt að nota hana í dúr og moll alveg eins og annað.

Kennari 4

Kennari 4 telur nálgunina í spunakennslu hjá byrjanda ganga út á að gera einfalda hluti fyrst og útskýra frekar lítið í byrjun. Byrja á því að eiga við eina hljómgerð og prófa einungis einhverjar örfáar nótur. Síðan megi kynna einn tónstiga í tengslum við þann hljóm og bæta næst annarri hljómgerð við. Þannig gangi nálgunin í stuttu máli út á að byrja að gera hlutina strax en ekki kenna hljómfræði til að byrja með. Lágmarka greiningar, allar kirkjutóntegundirnar, öll sætin eða heimahljóma dúr tónstigans. Það er í raun grundvöllur kennslunnar eftir langa reynslu með nemendur. Ef nemandinn er hræddur eða vill ekki taka stökkið þá er gott að byrja á því að spila með honum. Það má skiptast á að spila og hvor spilar eina nótu og síðan spilar hvor tvær nótur og aftur kannski þrjár. Þannig má leiða nemanda áfram þangað til hann er allt í einu farinn að geta þetta án þess eiginlega að vita af því. Fjórar hljómgerðir eru algengastar í þessari tónlist. Major sjöund, moll sjöund, hálfmínkaður hljómur og forsjöundar hljómur. Ef fyrir liggur lausn fyrir hvern þeirra, þá er hægt að gera heilmikið. Fyrir þrjá þeirra er nóg að hafa einn tónstiga til að byrja með. Fyrir dúrinn, mollinn og hálfmínkaða hljóminn. Fyrir forhljómana þarf helst að hafa þrjá möguleika eftir því hvert hlutverk forhljómsins er. Með því að tileinka sér þannig sex tónstiga, kannski á einni önn eða jafnvel heilum vetri ef um yngri nemanda er að ræða, þá er unnt að vera kominn á þann stað að geta bjargað sér í gegnum mjög margt. Kannski má segja að stundum séu aðrir kostir sem eru jafn góðir eða betri, en þessir kostir ganga upp. Þannig fær nemandinn einhver tól og getur byrjað að vinna með þau og hafa eitthvað gaman strax. Það er

eiginlega grundvallarforsenda. Þetta er auðvitað líka hægt að gera með blússkalanum og blúsforminu. Það er þó stundum erfitt að koma nemanda út úr blúsforminu þegar hann er kominn þangað því það getur verið svo gaman. En það er bara frábært líka og yfirleitt gott að gera þetta á mismunandi vegu.

Til að byrja með notar kennari 4 pentatóníkina ekki mikið. Eftir að nemandinn er kominn lengra og meira inn í námið þá getur hann kannski notað blúsformið án þess að vera að hugsa mikið um hljómana og nota moll pentatóník og blússkalann þar. Pentatóníkin er þó vissulega möguleiki. Gengið er út frá því að skilja hljóm og tónstiga. Þegar pentatóníkin er notuð yfir annað en blús þá er það yfirleitt þannig að hún er notuð yfir fleiri en einn hljóm. Hún er þannig notuð yfir eitthvað svæði sem er í sömu tóntegund, sem er bara fínt að mati kennara 4. En þá næst ekki strax þessi tenging um nótnavalið yfir hljóminn. Lögð er áhersla á það að nemandi læri að þekkja nóturnar miðað við hljóminn. Sem sagt að hann hugsar 1,2,3,4,5,6,7 og hvernig hljómar nóta númer tvö og hvernig hljómar nóta númer þrjú og reynir að kynnast þeim og skilja þær sem „sound“. Það gerir hann kannski ekki jafn mikið í pentatóníkinni þó hún sé engu að síður mjög skilvirk og mikið notuð. Það er bara annað sjónarmið.

Kennari 5

Nálgun kennara 5 er að byrja á pentatónískum tónstiga eða blústónstiga. Þeir liggja vel á píanóið og blústónstiginn liggur betur en pentatóníkin þannig þar er oftast byrjað. Þeir tónstigar eru síðan tengdir við lag sem er verið að vinna í. Þá er hægt að nota tónstigann sem línu yfir lagið og æfa hann þannig. Um leið er tekið á hendingamótuninni. Það er æft að spila tónstigann upp, stoppa og svo niður aftur. Þannig er strax verið að koma í veg fyrir að spila hann endalaust í kannski fjórar áttundir. Síðan ef það er verið að nota báðar hendur á píanóinu þá getur þetta ferli dregist eitthvað. Það fer eftir einstaklingum hversu auðvelt það er að nota báðar hendur í spuna. Ef að fólk á erfitt með að spila tónstigann þá er hægt að brjóta hann niður í minni einingar. Kannski bara byrja á fjórum nótum og þá liggur hann innan handar á píanóinu og er mun viðráðanlegri. Síðan þegar það er orðið viðráðanlegt er hægt að bæta við tónstigann og komast upp í áttund, tíund o.s.frv. Þá er líka hægt að byrja í miðjum tónstiga og fara þaðan. Sniðugt er að nálgast hlutina út frá mismunandi sjónarhornum svo það sé auðveldara að gera mismunandi hluti með tónstigann. Það er mjög algengt að nemendur eiga erfitt með að gera eitthvað sannfærandi í spuna. Sérstaklega þegar nemandi er ekki alveg klár á því hvað hann ætlar að

gera. Þess vegna er sniðugt að takmarka valkosti í spuna til að byrja með og þá er hægt að hljóma sannfærandi strax. Þá er það líka sjálfkrafa orðið miklu skemmtilegra.

2.2 Önnur spurning: Notar þú eitthvað spunakennslufni?

Kennari 1.

Kennari 1 segist styðjast lítið við eitthvað ákveðið spunakennslufni og vinnur mikið út frá nemenda. Aðallega eru notuð lög sem nemandi tengir við og sá efniviður er notaður til að læra meira í spuna. Það getur verið þelið á einhverju lagi sem að gæti höfðað til nemanda. „En oft er það rytminn sem skiptir miklu máli. Hann er lifandi. Latin rytmi getur líka verið mjög finn. Stutt komnir og byrjendur geta kveikt á ...“

Kennari 2.

Kennari 2 segist ekki styðjast við kennslufni yfirleitt. Hann tekur fram að ef nemandi er kominn lengra í námi þá er mögulega hægt að kíkja í einhverjar bækur en ekki til að byrja með. Kennari 2 er aðallega að styðjast við sína eigin þekkingu og að leggja áherslu á grundvallaratriði áður en farið er lengra í spunakennslunni.

Kennari 3

Kennari 3 segist nota það sem hann hefur lært, þ.e. ekki ákveðið kennslufni. Til að byrja með er það mjög óljóst hvert nemandinn er að stefna í sínu tónlistarnámi og því finnst kennara 3 mikilvægt að snerta á spuna en ekki endilega að fara í eitthvað ákveðið kerfi strax. Það eigi að koma seinna þegar nemandi veit meira hver stefnan er.

Kennari 4

Kennari 4 segist nota forritið iReal mikið. Það er forrit sem er með hljómaganga af mörgum lögum sem hægt er að spila yfir. Einnig er hægt að búa til sín eigin verkefni í forritinu. Kennari 4 segir að þetta sé gott verkfæri til að hægja á ferlinu í spuna. Það er hægt að staldra við á einum hljómi í langan tíma og taka hann sérstaklega fyrir. Þannig þarf nemandinn ekki

að hafa áhyggjur af því að missa af einhverjum hljóðum sem koma hratt fyrir í einhverju lagi. „Þetta er kannski þessi sama hugmynd um að lengja tímann og fækka möguleikum af því að vandinn við spunakennslu er að hlutirnir gerast rosalega hratt. Allt í einu er næsti hljómur eða næsta taktstrik komið í andlitið á manni og hljómurinn farinn framhjá og nemandinn nær ekki sambandi. En ef maður getur aukið tímann og/eða fækkað möguleikum í nótnavali, að þá er auðveldara að ná sambandi.“ Áður fyrir segist kennari 4 hafa notað bækur í kennslu byrjenda. T.d. Jamey Aebersold bækur og play-along efni með þeim bókum. En nú er þetta allt komið í iReal og það er hægt að búa til sín eigin verkefni sem er eitthvað sem er ekki hægt með upptökum sem fylgja kennslubókum. En kennari 4 tekur einnig fram að hann hafi lesið mikið af kennslubókum og noti ýmsar kennsluaðferðir sem koma fram í þeim bókum, en notar ekki endilega bækurnar sjálfar. Hann byggir mikið á eigin reynslu.

Kennari 5

Kennari 5 segist ekki nota neitt ákveðið efni heldur notar sína eigin aðferð sem hann hefur dottið niður á. Með áherslu á að mynda orðaforða út frá tónstiganum sem verið er að kenna. Hann hefur ekki fundið neinar bækur sem höfða til byrjenda í þeim efnum. Þær bækur sem kennari 5 veit af eru allt bækur sem höfða frekar til nemenda sem eru komnir töluvert lengra í spuna og fara yfir flóknara efni.

2.3 Þriðja spurning: Hefur nálgun þín breyst frá því þú byrjaðir að kenna spuna?

Kennari 1

Kennari 1 tekur fram að hann hafi tvímælalaust breytt sinni nálgun í kennslu. Aðallega þá að nálgast nemandann á hans forsendum. En líka að geta teygt nemendur í ákveðnar áttir. Kennari 1 nefnir að það séu t.d. nokkur lög sem að hann veit að virka vel fyrir byrjendur og kynna þeim ákveðin efni í spunatengdum málum. Hann hefur öðlast reynslu í því sem virkar vel fyrir nemendur. Einnig segir hann að það sé alltaf fín lína að ýta nemanda upp á næsta stig í tónlist og hver nemandi er mismunandi. Hann hefur því öðlast meiri skilning með tímanum. Kennari 1 segir jafnframt að spilagleði og sköpun skiptir höfuðmáli. Hann nefnir að það skipti meira máli en að kunna marga tónstiga og brotna hljóma. Að fá tilfinningu fyrir

tónlistinni er aðalatriðið og síðan koma tónstigar og slíkt ofan á það. Þá bætir hann við að ef of mikið af tónstigum og brotnum hljómunum sé hlaðið á nemanda of snemma sé hætta á of mikilli hugarstarfsemi. Það geti hamlað nemanda þegar komið er að því að tjá sig í gegnum tónlistina og tengjast henni. Kennari 1 segir að það eigi að passa upp á það. „...það má ekki spilla fyrir þessari hlustun með allt of mikilli hugsun.“ Jafnvel þó að sköpun og spilagleði skipti miklu máli þá skipta tónstigar og brotnir hljómar líka gríðarlega miklu máli. Það er efniviðurinn sem er notaður í spuna og hann er mikið undirstöðuatriði. Hann er þó í öðru sæti á eftir sköpuninni. „Það er mikilvægt að vinna með stefmyndunina og sköpun þá skiptir í rauninni engu máli hvað maður kann mikið af tónstigum. Ef ég orða það svo djarft.“

Kennari 2

Kennari 2 segir að aðalbreytingin í nálgun sinni í tengslum við spunakennslu er að hugsa meira lagrænt. Hann reynir að miðla því til nemandans að reyna að spila eitthvað áheyrilegt og melódískt. Að setja laglínu fram fyrir tónstigann.

Kennari 3

Kennari 3 segir að aðalbreytingin í sinni nálgun er að tengja við það sem nemandinn kunni nú þegar. Ef að það er eitthvað lag sem nemandi tengir mikið við þarf að nýta það eins vel og hægt er. Hann fer samt ekki með stækkunargler á hlutina, heldur fer hann meira almennt yfir hlutina án þess að kryfja þá of mikið til að halda nálguninni eins einfaldri og hægt er. Hann fer líka í tónstiga þegar við á en til að byrja með, þegar hann er að kenna krökkum eða byrjendum, þá vill hann reyna að horfa á stóra samhengið og reyna að ná gróflega yfir lagið áður en að hlutirnir verða of flóknir.

Kennari 4

Kennari 4 segir sína nálgun hafa breyst mikið frá því hann byrjaði að kenna. Hann hafi byrjað mikið hljómfraðimiðað. Eins og t.d. með kirkjutöntegundir og heimahljóma. Þannig hafi hann lært þetta upprunalega. Kennari 4 byrjaði að teikna allar þessar upplýsingar á töfluna en áttaði sig fljótlega á því að þetta hentaði alls ekki fyrir alla. Þetta virðist einungis virka fyrir þá nemendur sem hafa gríðarlegan áhuga eða þá sem eru mjög klárir og námsefnið liggur vel

fyrir. En það er minnihlutahópur. „Ég held að þetta sé of stór biti fyrir mjög marga. Og sérstaklega þegar maður er að tala um yngri krakka að þá er hann náttúrulega bara allt of stór. Af því að þetta snýst svo mikið um, eins og ég segi, að prófa og byrja strax, hafa gaman. Mega leika sér með dótið, þú veist, þetta sé ekki eins og maður sé alltaf að stilla upp fyrir leikinn en svo byrjar leikurinn aldrei.“ Þá hefur nálgunin í spunakennslu með uppröðun kennsluáferða breyst. Heildarmyndin þarf ekki að koma alveg í byrjun. Það má bíða með hana og byrja að spila sem fyrst til að kveikja áhugann hjá nemanda.

Kennari 5

Kennari 5 segir að sín nálgun hafi breyst mikið. Aðallega þá þegar nemandi byrjar í spuna að þá er farið með nemandann beint í blússkalann frekar en í pentatóník eða að spila inn í tóntegundinni. Það skilar bestum árangri. Það er strax farið í ákveðið kerfi sem kennari 5 hefur þróað með tímanum. Þá er strax hægt að taka sannfærandi sóló. Þannig getur nemandinn upplifað að það að taka sóló er í raun auðvelt og gaman. Einnig var talað um hendingamótun og notkun hennar í spunakennslu. Þegar laglínan er ekki lengur til staðar þá tekur við mikil víðátta og þá er auðvelt að missa sig í spunanum og hann getur orðið leitandi. Ef hendingamótun er innleidd snemma að þá verður spuninn ekki eins leitandi. Til dæmis að taka meðvitaða ákvörðun um að spila yfir ákveðin takt og svo hafa meðvitaða þögn í kjölfarið. Frekar en að vera að spila bara eitthvað. Þá upplifir nemandinn líka að þetta hljómi vel hjá sér og þá er hann líklegri til að vilja halda áfram í spuna. Þannig það er í raun frekar áhersla á hendingamótun með þessum eina tónstiga frekar en að hlaða of mikið af tónstigum eða upplýsingum á nemanda sem að ræður mögulega ekki við það. Það var líka minnst á að búa til ákveðinn frasa með blússkalanum og farið með þann frasa í gegnum margar tóntegundir.

2.4 Fjórða spurning: Hverjir eru algengustu erfiðleikarnir sem koma upp í spunakennslu byrjenda?

Kennari 1

Kennari 1 telur algengustu erfiðleikana sem koma upp í spunakennslu byrjenda tengjast sjálfstrausti nemandans og því að fá hann til að þora og upplifa sig öruggan. Þá komi gleðin við

að skapa í framhaldinu. Það þarf að fá nemandann til að taka stökkið og gera eitthvað. Oft er nemandinn hræddur við það. Þeir nemendur sem eru djarfir og til í að prófa sig áfram eiga oft góða möguleika í spuna þrátt fyrir að vera kannski ekki þeir mest öguðu í náminu. Þetta snýst um upplagið og að þora að taka stökkið og gera eitthvað. Það er oft léttara að vinna með þannig nemanda en þann sem er meira merktur af því að þurfa að kunna ákveðna hluti, þ.e. að það sé krafan. Það er erfitt fyrir þannig nemanda að gera villur. Það þurfa allir að vera tilbúnir til að gera villur og þora. Það er mjög mikilvægt. Hvað rytmíska erfiðleika varðar þá er mjög misjafnt hvað nemendur eru öruggir og reynslumiklir í þeirra upplifun. Það skiptir auðvitað miklu máli að læra að „compa og groova“ ásamt því að upplifa rytman. Það má færa það yfir í spunann líka. Þá er hlustun einnig mikilvæg og þar má jafnvel líka hafa áhrif á nemandann. Sú upplifun að spila með öðrum í samspili er mikilvæg, jafnvel þó um sé að ræða einfalt spunaefni eins og pentatóník. Það getur hljómað mjög vel í samspilsumhverfi. Tónlistarupplifun nemanda skiptir miklu máli og það liggur hvatning í henni.

Kennari 2

Kennari 2 telur algengustu erfiðleikana sem koma upp í spunakennslu byrjenda tengjast því að nemandinn lærir skalana frá grunntóni og fari aftur upp á grunntóninn, svo ekki sé talað um ef hann fer yfir einhverja hljómaganga. Alltaf á að byrja djúpt. Það er í raun sísta leiðin til að nota skala. Byrja þarf djúpt og fíkra sig upp á við. Það er í raun betra að sýna það og byrja þá uppi og fara niður á við. Það hljómar yfirleitt betur. Jafnframt hljómar betur að reyna að vera á aðeins hærra tónsviði þegar nemandinn er að spinna. Þannig nær hann í gegn ef hann er að spila með fleirum. Þetta er það tónsvið sem frekar eru spilaðar laglínur á. Ef nemandinn fer mjög djúpt þá er hann á tónsviði sem er ofan í hljómunum eða á ekki pláss á tónsviðinu. Það má segja að það séu eiginlega algengustu erfiðleikarnir og síðan það að nemandinn leitar mikið í grunntónana. Það er það sem nemendur eru að fíkra sig áfram með. Það að ná að sleppa tókunum á grunntónunum er stórt skref. Hvað rytmaerfiðleika varðar þá fer það svolítið eftir hljóðfærum. Ekki er óalgengt t.d. að nemandi noti of mikið langar nótur. Þar af leiðandi notar hann rytma aðeins minna. Svo ekki sé talað um að allir rytmar hafi tilhneigingu til að leggjast á sterk slög frekar en að vera með einhverja synkóperaða rythma. Þetta er auðvitað eitthvað sem kemur yfirleitt smám saman en mjög algengt er að nemandi leggur of mikla áherslu á sterku slögin eða fjórðu partana frekar en synkóperuðu rytmana. Mjög gjarnan heldur nemandinn nóttunni alveg þangað til að hann á að fara í næstu nótu. Þá er ekki verið að tala um að spila legato heldur

meira að nemandinn er ekki að búa til lagrænt efni með því að allar nótur eru einungis hálfnótur. Það getur verið erfitt skref fyrir suma nemendur að byrja að spinna. Það fer mikið eftir því hvar nemandinn er staddur í náminu og á hvaða hljóðfæri hann spilar. Bakgrunnur hans skiptir einnig miklu máli. Flestum nemendum finnst þetta skemmtilegt og ef gerður er leikur úr náminu þá er þetta yfirleitt auðsótt mál.

Kennari 3

Kennari 3 telur algengustu erfiðleikana sem koma upp í spunakennslu byrjenda vera spurninguna um hvort nemandinn þori að byrja og taka stökkið. Mismunandi er hvaða haldreipi nemandi þarf til að byrja að spinna. Sumum hentar að hafa einhverja forskrift eins og að vera búin að búa til sóló heima eða fá t.d. pentatóník eða dúr til að vinna úr. Öðrum nemendum hentar að heyra kennarann gera eitthvað og þá taka þau sjálf af skarið. Þannig er gott að kalla á svar frá nemandanum. Hvað rytmaerfiðleika varðar þá eru tónar eitt og rytmi annað. Rytminn kemur frekar með því að hlusta á tónlist og þá sérstaklega í swing. Nemandi sem hlustar mikið fær kannski hugmyndir um að byrja á fjórum og eða einum og o.s.frv. Fyrir þá nemendur sem hafa áhuga á djassi er gott að gera rytmaæfingar. Hugsanlega einhvern ákveðinn rytma og færa hann til um áttundapart. Hins vegar hentar það kannski ekki byrjendum. Það kemur oft líka finn rytmi frá nemanda þegar hann er ekki að hugsa of mikið um hann. Kennari 3 einbeitir sér fyrst að nótnamenginu og síðan fer hann yfir í rytma. Unnið er í sitthvoru atriðinu og síðan er þeim blandað saman seinna.

Kennari 4

Kennari 4 telur algengustu erfiðleikana sem koma upp í spunakennslu byrjenda mögulega vera hræðslu og feimni. Leiðin framhjá því er að byrja að spila einn tón og síðan tvo tóna. Þannig verða skrefin svo mörg og svo lítil að nemandinn finnur eiginlega aldrei neinn mun. Þetta verður því aldrei erfitt og nemandanum finnst hann þess vegna alltaf öruggur. Þetta er gott að gera til að koma nemandanum af stað. Vandamálið er kannski það að nemandinn hlustar ekki á þá tónlist sem er verið að vinna með en það kemur síðar í náminu. Gott er að auka hlustun í kennslu t.d. með því að velja plötu sem nemandi hlustar á. Síðan má ræða um plötuna í næsta kennslutíma. Ef nemandinn ætlar að spila einhverja rytmiska tónlist þarf hann að vera nokkurn veginn með það í eyranu hvernig hún á að hljóma. Það á klárlega við um djassinn og í rauninni

líka um rokk, blús eða fönk. Það er ekki verið að tala um að gera afrit af einhverju öðru heldur hvernig þetta þarf að vera, innan stóra mengisins, til að passa inn í eðlilegan stílramma. Nemandinn þarf að vera með tilfinningu fyrir tónlistinni og hlusta á hana. Þetta kemur ekki ef nemandinn hlustar ekki á tónlist, þá verður allt miklu erfiðara fyrir hann. Hlustun skiptir því miklu máli og ef ekkert gengur í náminu getur það verið rót vandans. Annað vandamál er ef nemandinn spilar ekki með neinum öðrum, hvorki í skólanum eða annars staðar, þá hefur hann engin praktísk not fyrir það sem hann hefur lært.

Til þess að kennslan virki og verði ekki hálf tilgangslaus þarf þrennt að koma til. Það þarf í fyrsta lagi að vera einhvers konar „input“ frá kennaranum, með hæfilegu magni upplýsinga. Í öðru lagi þarf að vera „output“ sem felst í því að nemandinn noti það sem hann hefur lært og það leiðir til aukins áhuga og virkni nemandans félagslega. Þá þarf í þriðja lagi að vera til staðar hlustun sem gefur nemandanum fyrirmynd í víðasta skilningi orðsins. Þegar eitthvað af þessu vantar getur komið upp vandamál. Stundum vantar áhugann af því að nemandinn er ekki að spila en þar er þá ekki um að ræða félagslegt samhengi eða slíkt. Hvað varðar rytmísk vandamál hjá byrjendum þá eiga sumir þeirra í erfiðleikum með að tileinka sér tæknilega flókna hluti eins og t.d. hljómfraði. Hér skiptir hlustunin miklu máli og ef nemandinn er með hana getur hann farið að spila með og jafnvel pikkað eitthvað upp. Ögrunin felst í því að finna námsefni sem er gerlegt og nógu einfalt. Nemandinn þarf að vera með tengingu við grunninn.

Kennari 4 telur nálgun sína í kennslu hafa snúist við frá því sem hún var fyrst. Meiri áhersla er á að spila lagrænt heldur en fræðilegt. Sumir kennarar vinna mikið með að láta nemendur brjóta upp hljóma en því gerir hann frekar lítið af. Hann byrjar snemma að nota nótur, oftast sjö nótur, sem grunn ofan á einhverjum hljómi. Síðan er farið í einhvern annan hljóm og þar breytist mikið. Hann reynir að búa til eitthvað lagrænt og hugsar í setningum eins og verið sé að segja sögu og tengja milli hljóma og yfir taktstrik, þannig að þetta virki lagrænt og organískt þó það sé alveg gagnlegt að geta brotið upp hljóma. Í það þarf ákveðna hugarleikfimi og fingraleikfimi sem eru hæfileikar sem gott er að hafa. Það getur hins vegar leitt til þess, byrji nemandi of snemma í því, að það verði ekki mjög lagrænt. Þá kemur önnur stærðfræði þar inn og hann hefur því lítið notað það með byrjendum. Það er enginn heilagur sannleikur hér á ferðinni heldur verður kennarinn að prófa sig áfram í kennslunni og kannski breytist hún með tímanum. Hvað flóknari hluti varðar þá má lengja tímann og fækka nótunum. Hér má nefna hluti eins og altered skalann eða dim skalann. Þá notar hann þá aðferð að vera með nótna grúppur. Tvær, þrjár nótur sem eru vel valdar og gefa kjarnann í „soundinu“ sem er í þessum lit sem liggur bæði í hljóminum og tónstiganum sem verið er að nota. Hugsunin er sú að hljómur og skali eru

eiginlega eitt og hið sama í láréttu eða lóðréttu formi. Alltaf er verið að hugsa um einfalda leið til þess að geta sett höndina á fyrirbærið og ná tökum á því. Það er aðallega það að nemandinn fari að heyra „soundið“ sem er í þessu fyrirbæri sem verið er að fást við. Þetta er sama hugsun og þegar byrjað er að spila eina eða tvær nótur þótt þetta sé talsvert lengra komið og meira framhaldsefni. Hugsunin er að fikra sig inn í efnið, reyna að heyra það og skilja og síðan leika sér með það.

Kennari 5

Kennari 5 telur algengast að nemendum finnist leiðinlegt að æfa spuna heima. Hugtakið sjálft er mjög opið og oft er ekki ljóst hvað á að æfa. Það er ekki hægt að líkja þessu við nótnablað sem fara megi með heim og æfa þar til verkið er komið í fingurna. Þess vegna er mikilvægt að hafa eins nákvæmar leiðbeiningar og hægt er þegar nemendur eru látnir æfa spuna heima. Það er t.d. of opið að segja við nemanda að fara heim og æfa sóló. Það þurfi frekar að nefna ákveðin atriði til að fara yfir. Hvort sem það er tengt hendingamótun eða tónstiga. Einnig er erfitt að láta spunakennslu virðast vera spennandi. Ef nemandi kann lag sem hljómar vel og þarf svo að taka sóló yfir lagið en það hljómar ekki eins vel, þá er nemandi líklegur til að vilja bara spila lagið en ekki taka sóló yfir það. Það hafa ekki allir áhuga á því. Sumir vilja bara fara í næsta lag frekar en að læra að taka sóló. Að loknu telur kennari 5 sína reynslu vera að stelpur eru almennt smeykari við að spila fyrir framan aðra en strákar. Þær hugsa meira um hvað öðrum finnst sem getur leitt til hræðslu við spuna.

3. Umræða

Að loknum viðtölum við tónlistarkennarana kom í ljós að allir eru nokkuð sammála varðandi kennslu byrjenda og hvernig eigi að nálgast hana. Jafnframt eru allir sammála því að nálgast nemandann á hans eigin forsendum. Kennararnir eru einróma um að byrja þarf á einföldum hlutum fyrst, eins og blússkalanum eða pentatóník. Þá er hægt að fá tilfinningu fyrir spunanum og byggja ofan á hana. Ef hlutirnir eru einfaldir þá er auðveldara að ná utan um spunann og leika sér með nóturnar. Einnig var mikið fjallað um hendingamótun og mikilvægi þess að láta nemendur vera meðvitaða um hana frá byrjun.

Allir kennararnir eiga það sameiginlegt að nota lítið sem ekkert kennsluefni í spuna. Allt kom frá þeirra eigin reynslu. Fram kom að kennslubækur tengdar þessu efni væru full flóknar fyrir byrjendur og henta betur lengra komnum nemendum. Þó nefna sumir að gott sé að hafa kennslubækur til hliðsjónar og nýta eitthvað úr þeim. Þó má einfalda efnið fyrir nemendur.

Kennararnir hafa þróað kennsluáferðir sínar og komist að því að það sé gott að byrja með einfalt efni svo að það verði ekki óyfirstíganlegt fyrir nemendur. Sem dæmi má nefna ákveðið lag sem einfalt er að taka sóló yfir eða einfaldan tónstiga sem auðvelt er að leika sér með.

Algengustu erfiðleikarnir sem kennararnir lenda í með nemendum er óöryggi og hræðsla við spuna. Það getur verið yfirþyrmandi að fá lag og þurfa að spila hvað sem er yfir það. Þá er mikilvægt að gefa nemanda nákvæmar leiðbeiningar um hvað hægt sé að spila og hvernig á að spila það. Þannig er óvissan tekin úr jöfnunni og auðveldara verður að æfa það heima. Tekið var fram að nemendur séu oft ekki að æfa spuna heima því hugtakið sé svo opið. Með nákvæmari leiðbeiningum er hægt komast hjá því.

Kennslubækurnar sem rýndar eru innihalda allar mikið námsefni. Í þeim var farið yfir tæknilegri atriði en kennararnir gerðu og í þeim voru ákveðnar æfingar sem nemendur áttu að spila. Bækurnar innihalda mikið af gagnlegum upplýsingum sem nýst geta nemendum í spuna. Eins og áður hefur komið fram þá er efnið oft of flókið fyrir nemendur sem eru að byrja í spuna. Gott er að hafa bækurnar til hliðsjónar en ekki byggja kennsluna alfarið út frá þeim. Hlustun kemur nemanda einnig mjög langt í spuna. Kennararnir nefna svipaðar aðferðir og finna má í bókunum og þannig er samræmi þar á milli. Bækurnar geta samt sem áður ekki mótað námsefnið við nemandann. Þannig einstaklingsmiðað nám er eitthvað sem kennararnir voru sammála um að væri mjög mikilvægt.

Við samanburð á kennsluaðferðum í spuna kemur í ljós að hljóðfærið sem spilað er á hefur áhrif á hvaða leiðir eru farnar til að nálgast sama efni, t.d. notkun á tónstigum og brotnum hljóðum. Hvert hljóðfæri hefur sínar takmarkanir og má þar nefna annars vegar hljómahljóðfæri og hins vegar hljóðfæri sem spila eina nótu í einu. Svör viðmælenda taka mið af þessu þar sem hver og einn talar út frá sínu hljóðfæri.

Lokaorð

Af öllu því sem fram hefur komið í ritgerð þessari er ljóst að spunakennsla byrjenda og þær aðferðir sem tónlistarkennarar nota þegar nemendur eru skammt á veg komnir í tónlistarnámi sínu taka mið af hverjum nemanda fyrir sig. Af viðtölum við tónlistarkennara, sem kenna á mismunandi hljóðfæri, má ráða að mikilvægt sé að ná vel til nemandans og fá hann til að vera áráðinn og afslappaðan og um leið að njóta þeirrar tónlistar sem hann er að spila hverju sinni.

Þá er ljóst að byrjendum í spuna hentar ekki eins vel að styðjast við kennslubækur og þeim sem lengra eru komnir í námi. Byrjendum hentar betur að leyfa sköpunargáfunni og flæðinu að njóta sín og þar geta tónlistarkennarar haft mikil áhrif með mismunandi kennsluáðferðum sínum.

Efnistöð þessarar ritgerðar byggja á viðtölum við fimm tónlistarkennara og kennslubókum. Ætla má að frekari könnun á viðfangsefninu og viðtöl við fleiri kennara gætu leitt til annarrar nálgunar á spunakennslu í tilviki byrjenda.

Þeir sem hyggja á tónlistarnám ættu að hafa í huga mikilvægi þess að hlusta á tónlist, prófa sig áfram og vera óhræddir við að tileinka sér nýjungar. Allra mikilvægasta verður þó að telja gleðina í náminu og að nemandinn hafi gaman af því sem hann tekur sér fyrir hendur í tónlistarnáminu.

Heimildaskrá

Aebersold, Jamey. *A New Approach to Jazz Improvisation: Volume 1*. USA: Jamey Aebersold, 1979.

Aebersold, Jamey. *Learn to Improvise Jazz: Major and Minor in every key*. USA: Jamey Aebersold Jazz, 2009.

Baker, David. *Jazz Improvisation: A comprehensive method of study for all players*. USA: Frangipani Press, 1983.

Crook, Hal. *How to Improvise: An Approach to Practicing Improvisation*. West Germany: Advance Music, 1991.

Reeves, Scott D. *Creative Jazz Improvisation*. USA: Prentice Hall, 1989.

Viðauki 1

Spurning 1: Hvernig er þín nálgun á spunakennslu hjá nemanda sem er að byrja í spuna?

Spurning 2: Notar þú eitthvað ákveðið spunakennsluefni?

Spurning 3: Hefur nálgun þín breyst frá því þú byrjaðir að kenna spuna?

Spurning 4: Hverjir eru helstu erfiðleikarnir sem koma upp í spunakennslu byrjenda?

Viðauki 2

Kennari 1

Ég: Þá er það bara fyrsta spurningin. Hvernig er þín nálgun á spunakennslu hjá nemanda sem er að byrja í spuna?

K1: Hún er alla vega margbrotin eða hvað á að segja. Það er engin ein leið sem ég er að fara. Það fer eftir því hvaða nemandi það er. Það er náttúrulega aldur og bakgrunnur og geta og allt það sko. Það er náttúrulega í fyrstu að finna einhvern flöt fyrir að nemandinn þori og langar að stökkva út í að skapa eitthvað sjálfur.

Ég: Já.

K1: Það er svo mjög mikilvægt. Ekki síst að nemendur hitti á það að gera einhverja tónlistarlega athöfn sem nemandinn er confident með. Það er kannski umfram einhver svona hvað á maður að segja er bæði praktísk geta og hugmynda geta eða eitthvað sem nemandinn er til í að spila nokkra tóna undir einhverju groovy, einhverri tónlist sem segir honum eitthvað.

Ég: Já, smá svona innblástur.

K1: Já, það skiptir máli að maður hitti á eitthvað sem svona referanse rammi ef maður má sletta á dönsku sko sem maður hefur taugar til tónlistarlega séð.

Ég: Já, einmitt.

K1: Spila það og svo prófa að stökkva út í og taka lítil stef og eitthvað svoleiðis. En það er svolítið þetta með byrjendur og fá byrjendur af stað og ekki eyðileggja sjálfstraustið. Það þarf að vera þannig jarðvegur að maður geti gert eitthvað sem hljómar í rauninni vel og þú gerir eitthvað sem þú ert ekki í þjálfun með í fáum tónum.

Ég: Einmitt.

K1: Þá skiptir groovið og hvað það er auðvitað miklu máli.

Ég: Notarðu einhverja sérstaka tónstiga eða brotna hljóma þegar þú byrjar. Ertu með eitthvað heilagt sem þú ...

K1: Það fer eftir því hver er nemandinn og hver er geta hans. Og aftur að endurtaka og nota það sem nemandinn tekur við umfram það.

Ég: Og þekkir.

K1: Til að spilla ekki fyrir sköpun sem er í þessu, hlusta og skapa smá tónflæði.

Ég: Mhhhhhh.

K1: Og þá getur maður sýnt lítil stef og eitthvað svona. Prófa þú og hér og svona.

Ég: Mhhmmhh. Já.

K1: Já, já hver var spurningin?

Ég: Hvort þú notar einhverja sérstaka tónstiga eða eitthvað svoleiðis þegar þú byrjar með eða fer það alveg eftir nemendum. Hallastu meira að pentatoník eða?

K1: Já pentatoník er náttúrulega alveg bókað gott að vanda sig við það fyrst.

Ég: Já, einmitt og kannski út í flóknari tónstiga eða...

K1: Já ef nemandinn er með getu til þess.

Ég: Já einmitt já.

K1: En að gefa þeim góðar hugmyndir um melodíu og stefmyndun og svona er náttúrulega ...

Ég: En svona aðallega að kveikja innblástur og láta manni líða vel í að stökkva út í spuna.

K1: Það skiptir auðvitað máli og svo náttúrulega verður maður að hlaða á.

Ég: Já.

K1: Meira efni, tónstiga, smá brotinn hljómur. Eitthvað svona efni sem maður vinnur með.

Ég: Já.

K1: Passa sig að vera innan einhvers ramma sem nemandi ræður við.

Ég: Ok.

K1: Það er svo mikilvægt að eyðileggja ekki sköpunargleðina og sjálfstraustið.

Ég: Já einmitt. Ok. Frábært. Og spurning tvö. **Notar þú eitthvað ákveðið spunakennslufni?**

K1: Nei. Ég geri það ekki. Ég er mikið að vinna út frá nemanda, hver hann/hún er. Og eins og ég var að gefa í skyn áður hvaða tónlistartegund/týpa sem nemandinn þekkir og fílar og svona og reyna að nota það. En seinna meir væri það meira blús og svona.

Ég: Já, einmitt.

K1: Í spunakennslunni sko. En þó líka ef maður spilar t.d. lög sem eru meira svona dúr-kennd og hljóma svona eins og maður geti oft notað pentatóninn og hérna hvað á ég að segja t.d. kántrýskotið lag og svoleiðis.

Ég: Já, einmitt.

K1: Það getur verið fínt.

Ég: Já, pentatoníkin og blústónstiginn líka.

K1: Já, já inn í það.

Ég: Já. Frábært.

K1: En oft er það rytminn sem skiptir miklu máli. Hann er lifandi. Latin rytmi getur líka verið mjög finn. Stutt komnir og byrjendur geta kveikt á

Ég: Já einmitt. Ok. Þá er það bara spurning þrjú. **Hefur nálgun þín breyst frá því þú byrjaðir að kenna spuna?**

K1: Já, tvímælalaust. Og bæði komið að vinna með nemandann út frá hans ...

Ég: Já, hans forsendum.

K1: Já, og auðvitað þegar fram í sækir þá hefur maður áhrif og getur teyggt nemendur í áttir og svona.

Ég: Já einmitt.

K1: Og hérna maður er kannski orðinn meira ákveðinn með það með tímanum. Nefnir nokkur lög sem henta betur en önnur og maður sér hvað geta leitt af sér og svona.

Ég: Já, aðallega þá myndir þú segja að breytingin hafi átt sér stað með því að þú hafi fundir einhver góð lög sem að passa vel fyrir svona almennt spuna.

K1: Og reynslu í því hvað virkar.

Ég: Já.

K1: Og líka hvar maður getur svona unnið með nemandanum. Það er mismunandi. Maður náttúrulega er alltaf að fara inn í eitthvað meira flókið og meira efni og svona.

Ég: Já, einmitt.

K1: Þetta er alltaf svona fín lína sko.

Ég: Algjörlega.

K1: En þetta með að vera ánægður með að skapa línur, melódíur og svona inn í tónlistarumhverfi.

Ég: Mhhmmhhh.

K1: Það skiptir miklu máli að þróa það umfram kannski efnið, hvað maður kann mikið af tónstigum og brotnum hljóðum og svona. Það lærist seinna. Og öfugt vil ég segja, það hefur maður lært að maður fer umfram, hvað á ég að segja, að nemendur eru beðnir um að kunna allt of mikið miðað við tímann og getuna. Þá er oft mikil hugarstarfsemi í gangi.

Ég: Já, einmitt.

K1: Maður verður að passa sig á því.

Ég: Já að láta spunann ganga fyrir dálítið í staðinn fyrir að kunna allt.

K1: Já einnig ef þú ert ofan á, þú kannt það og getur skapað.

Ég: Já.

K1: Og ef það þarf að hugsa, stundum þarf það til að komast áfram og maður leggur fyrir verkefni.

Ég: Já, einmitt.

K1: En maður verður samt að passa sig að hafa alltaf tónlistina, ég veit ekki hvernig ég á að orða það, það má ekki spilla fyrir þessari hlustun með allt of mikilli hugsun.

Ég: Já, ég skil. Einmitt.

K1: En auðvitað get ég svo líka sagt að ég hef líka lagt töluvert á nemendur til að vera duglegir í tónstigum og brotnum hljómunum. Það er alveg must að vera með góðan grunn og skilning.

Ég: Já þegar það kemur svona seinna meir.

K1: Já.

Ég: Já algjörlega.

K1: Já þá er það svona efniviðurinn sem maður getur unnið með.

Ég: Já, auðvitað.

K1: Það er mikilvægt að vinna með stefmyndunina og sköpun þá skiptir í rauninni engu máli hvað maður kann mikið af tónstigum. Ef ég orða það svo djarft.

Ég: Já ég skil alveg hvað þú ert að tala um, algjörlega. Frábært. Ok. Þá er það seinasta spurningin. **Hverjir eru algengustu erfiðleikarnir sem koma upp í spunakennslu byrjenda?**

K1: Það er kannski þetta með að þora og hafa sjálfstraustið og upplifa sig safe. Og bara hafa gleði við að skapa á þeim grundvelli sko.

Ég: Já.

K1: Stökkva út og gera eitthvað.

Ég: Já, oft svolítið mikil hræðsla kannski.

K1: Stundum.

Ég: Já.

K1: Og þessir nemendur sem eru svona þínu djarfir og til í eitthvað og kannski eru ekki þeir mest öguðu í náminu þeir oft eiga góða möguleika í spuna eða hvað á maður að segja upplagið. Þeir stökkva út og gera eitthvað. Kannski oft léttara að vinna áfram með en t.d. hjá þeim sem eru meira merktir af því að það sé krafa að kunna þetta og þetta. Það er þá erfitt að gera villu. Maður verður að vera tilbúinn að gera villur.

Ég: Já að þora.

K1: Já þora.

Ég: Einmitt algjörlega.

K1: Það er svo mikilvægt.

Ég: Já svona aðalvandamálið. Hefur þú lent í einhverju svona rytmískum erfiðleikum... með byrjendum að taka sem sagt sóló að það séu svona rytmískir erfiðleikar stundum?

K1: Það er náttúruleg misjafnt hvað nemendur eru svona öruggir með að upplifa rytma, öruggir með reynslu í því. Sumir fara meira svona fram hjá og vinna mikið meira með það.

Ég: Já einmitt.

K1: Það skiptir náttúrulega miklu máli að læra á compa og groova og svona. Og upplifa rytmann. Þú getur fært það yfir í spunann líka.

Ég: Einmitt, algjörlega. Myndir þú segja að hlustun sé líka mikilvæg?

K1: Auðvitað. Já, já.

Ég: Já.

K1: Og maður getur kannski haft áhrif þar líka, ég veit það ekki.

Ég: Eimmitt.

K1: Upplifun í samspili verð ég að segja.

Ég: Já, að spila með öðrum.

K1: Já, spila með öðrum og upplifa það. Þó það sé jafnvel þínu einfalt, einhverjir einfaldir pentatónar, það hljómar rosalega flott í svona samspilsumhverfi. Tónlistarupplifun skilurðu skiptir miklu máli.

Ég: Algjörlega, já.

K1: Það er hvatning sem liggur í því. Ég held að sumir nemendur hafi kannski upplifað það. Segi svona.

Ég: Já, algjörlega. Æði. Þá bara er þetta komið. Takk fyrir þetta.

Kennari 2

Ég: Ok, þá er það bara fyrsta spurningin. **Hvernig er þín nálgun á spunakennslu hjá nemenda sem er að byrja í spuna?**

K2: Það fer kannski eftir því hvar hann er staddur á hljóðfærinu. Flestir byrja nú á því að leika sér út frá einhverjum einföldum skölum eins og pentatóník eða blús eða eitthvað svoleiðis. Og þá oftast reynir maður að vinna með einfalda hljómaganga, blús hljómaganga eða jafnvel bara einn hljóm í einu.

Ég: Já.

K2: Eitthvað svoleiðis. Eins og ég segi, það skiptir svolítið máli hvar nemandinn er staddur á hljóðfærinu, þú veist, að það er hægt að...við þá sem eru með þokkaleg tök á hljóðfærinu að þá er kannski hægt að láta þá styðjast við laglínu í lögnum eða eitthvað svoleiðis.

Ég: Mmhmm.

K2: Og svo leggja bara áherslu á að, þú veist, að það er í raun og veru allt opið, bæði rytmar og, hérna, melódíska hliðina og kannski reyna að fá þau til að hugsa að þetta séu einskonar laglínur sem þau eru að búa til. Ekki bara að hreyfa sig á milli nótna, skiluru.

Ég: Og hefur þú þá í rauninni frjálst...eða sem sagt...lætur þú vita...þegar þú sýnir þeim einhvern tónstiga, segir þú samt að þú mátt fara út fyrir? Eða? Af því að þú varst að tala um....

K2: Það, nei, það fer kannski eftir því hvar þau eru stödd, sko.

Ég. Já.

K2: En, hérna. Ef þetta eru einhverjir sem að, þú veist, eru ekki með mikla færni á hljóðfærið eða eitthvað svoleiðis að þá er held ég betra að halda þessu innan við einhverja marka, þú veist.

Ég: Já.

K2: Kannski hugsa meira bara að þau geti fraserað hluti, þú veist, að þetta þurfi ekki bara að vera að fara á milli nótnanna heldur er hægt að...

Ég: Hugsa lagrænt.

K2: Hugsa lagrænt og reyna að, þú veist, mögulega renna upp í nótur eða teygja eða eitthvað svoleiðis.

Ég: Ok, geggjað. Þá er það bara næsta spurning. **Notar þú eitthvað ákveðið spunakennslu efni?**

K2: Nei. Yfirleitt geri ég það ekki. Það er kannski....eða, sérstaklega ekki í byrjun.

Ég: Nei.

K2: Það er frekar ef fólk er komið eitthvað af stað að geta stutt sig við einhverjar bækur. Það er voða lítið af bókum sem að ég veit um, allaveganna, sem eru svona fyrir byrjendur, þannig séð. En þetta eru allt frekar basic hlutir sem að þarf ekki að sækja í neitt literature í, sko.

Ég: Já, bara svona það sem þú telur vera rétt að fara næst í og eitthvað til þess að kíkja á.

K2: Já, eitthvað svoleiðis.

Ég: Ok. Þá er það spurning þrjú. **Hefur nálgun þín breyst frá því þú byrjaðir að kenna spuna?**

K2: Örugglega eitthvað breyst, sko. Ekki neitt sem að kemur upp í hugann að hafi verið svona meiriháttar straumhvörf í því, sko, en aðallega hugsa meira lagrænt og minna theórítískt eitthvað, sko.

Ég: Ok.

K2: Reyna að, þú veist, bara vera alltaf að hugsa um að þú sért að reyna að spila eitthvað áheyrilegt og melódískt, sko.

Ég: Já, laglínan frekar en að hugsa tónstigann.

K2: Já.

Ég: Ok, þá er það bara seinasta spurningin. **Hverjir eru algengustu erfiðleikarnir sem koma upp í spunakennslu byrjenda?**

K2: Mjög algengt að fólk, sérstaklega ef það er að hugsa út frá skólum og ég tala nú ekki um ef það er yfir einhverja hljómaganga eða eitthvað svoleiðis, að það er mjög algengt að fólk læri skalana, þú veist, frá grunntóni og fari aftur upp á grunntón. Alltaf að byrja djúpt.

Ég: Já.

K2: Sem er eiginlega lang...eða sísta leiðin til þess að nota skalan, byrja djúpt og fíkra sig upp á við. Það væri í raun betra, og ég reyni stundum að sýna það, að það hljómar yfirleitt betur að byrja uppi og fara niður á við.

Ég: Já.

K2: Og ég tala nú ekki um að það hljómar yfirleitt betur að reyna að vera á aðeins hærra registeri, þú veist, þegar maður er að spinna, þú veist.

Ég: Til að skera sig meira...

K2: Já, til þess að bæði ná í gegn, ef þú ert að spila með fleirum, en líka þetta er bara það tónsvið sem að maður er frekar að spila laglínur á, þú veist. Ef þú ert mjög djúpt að þá ertu, þú veist, á tónsviði sem að bara er ofan í hljómunum eða á ekki pláss í tónsviðinu, sko.

Ég: Já.

K2: Þannig að það er nú eiginlega það algengasta og svo það að fólk leitar rosalega mikið í grunntónana.

Ég: Já.

K2: Það er það sem að þau eru að fikra sig áfram með. Þannig að það á að reyna að ná því að sleppa tókum á grunntónunum er svolítið skref.

Ég: Já. Einhverjir svona rytmaerfiðleikar? Getur það eitthvað komið upp?

K2: Já, sko, mjög algengt náttúrulega að fólk sé með mjög...sko, þetta fer svolítið eftir hljóðfærum. Af því að ég hef kennt allskonar hljóðfæraleikum, þú veist. Það er ekki óalgengt að fólk sé að nota of mikið langar nótur, til dæmis. Að það sé, þú veist, noti þar af leiðandi rytma aðeins minna, þú veist.

Ég: Já.

K2: Og ég tala nú ekki um, þú veist, að allir rytmar hafa tilhneigingu til að leggjast á sterk slög frekar en að vera með einhverja synkóperaða rytma eða eitthvað svoleiðis.

Ég: Einmitt.

K2: En það er náttúrulega eitthvað sem að kemur yfirleitt bara smám saman en mjög algengt, eins og ég segi, að fólk sé að leggja of mikla áherlu á sterku slögin eða fjórðu partanna, eða eitthvað svoleiðis, heldur en synkóperuðu rytmana. Og mjög gjarnan að halda nóttunni alveg þangað til að þú átt að fara í næstu nótu, þú veist. Og þá erum við ekki að tala um að spila legato, þannig séð, heldur meira bara þú ert ekki að búa til lagrænt efni með því að allar nótur séu bara hálfnotur eða eitthvað, skilur þú?

Ég: Algjörlega. Ok. Þetta eru bara allar spurningarnar. Nema ef það eru einhverjar sérstakar pælingar sem vilt koma með, eitthvað meira?

K2: Nei, ekki beinlínis. Það er bara, þú veist, það getur verið mjög.....það fer mjög mikið eftir því hvar fólk er statt í sínu námi og á hvaða hljóðfæri það spilar og hver bakgrunnurinn er og svona. Þetta getur verið erfitt skref fyrir suma að fara að improvisera.

Ég: Já.

K2: En flestum finnst það skemmtilegt, þannig ef maður gerir þetta að einhverskonar leik að þá er þetta nú yfirleitt bara auðsótt, sko.

Ég: Já. Ok, frábært. Þá held að við séum bara góðir.

K2: Ok, þá er ég bara farinn. Við sjáumst.

Kennari 3

Ég: Ok, þá er það bara fyrsta spurningin. **Hvernig er þín nálgun á spunakennslu hjá nemenda sem er að byrja í spuna?**

K3: Ja, sko, það fer bara eftir því hvar nemandinn er staddur í náminu. Mér finnst að sjálfsögðu að það sé hægt að kenna spuna alveg frá byrjun, þú veist. Eftir getu hljóðfæraleikarans, í rauninni. Af því að spuni er náttúrulega bara svona frjáls...eitthvað frjálst, eitthvað svona innan....það eina sem takmarkar mann er, í rauninni manns eigin innsæi, sko. Eðli. Þannig að, ef við erum að tala um nemanda sem er kominn eitthvað áleiðis að þá nálgast ég spunann í gegnum það sem hann kann og það er yfirleitt bara dúr og moll, sko. Við erum með lög sem eru annað hvort í dúr eða moll, við erum alin upp við það. Það er bara okkar kerfi. Þannig ég nálgast það sem hann kann og þú talar bara svona almennt um spuna. Spuni er náttúrulega bara nokkur atriði. Það er hvað á að spila og hvernig á að spila það, og svona. Þannig að það eru nokkur efni, nokkur umræðuefni sem ég fer í gegnum. Hvað á að spila, og það er yfirleitt dúrinn og mollinn, sem ég bið þau um að vinna úr. Og hvernig, þá kemur oft þú veist að þagnir eru jafn mikilvægar og það sem hann er verið að spila. Ég bið þau um að hafa lagið í huga, þú veist, að laglínan ráði svolítið, hún er svona akkerið okkar og bið þau um að hugsa um hana, breyta henni eða búa til sína eigin útgáfu af henni. En af því að þú veist sko, maður gleymir oft að svona sem einstaklingur sem er búinn að gera þetta svona lengi að hversu erfitt þetta er í byrjun.

Ég: Algjörlega.

K3: Það er bara þannig að maður segir bara, nú gerir þú eitthvað. Það er svona oft verra heldur en að segja spilaðu C, spilaðu E eða spilaðu eitthvað. Skilurðu, þú veist. Að gera eitthvað það er of mikið.

Ég: Þannig að dúr og moll er það fyrsta sem þú myndir gera?

K3: Já, bara svona eitthvað sem þau eru búin að læra, sem þau tengja við og gefa þeim í rauninni svona skilning um á hvaða grunni við erum að byggja á. Á hvaða grunni lögin byggja.

Ég: Myndir þú eitthvað fara út í pentatóníkina áður eða?

K3: Já, já já, algjörlega. Pentatóníkin er bara virkilega nothæft. Algjörlega og það er hægt að nota það í dúr og moll alveg eins og hitt. Jú klárlega pentatóník. Hérna já talað um hana algjörlega.

Ég: Já, ok. Geggjað. Þá er það spurning tvö. **Notar þú eitthvað ákveðið spunakennslufni?**

K3: Með byrjendum?

Ég: Já.

K3: Mmm

Ég: Einhverjar bækur eða eitthvað svoleiðis. Er þetta meira það sem þú hefur lært?

K3: Já, einmitt. Þetta er bara svona það sem ég hef lært ehmm. Af því að krakkar, byrjendum, maður veit ekki hvert þau stefna þannig að þetta á allt bara að heita svona tónlistarnám, skilurðu. Verið að snerta á þessu og þess vegna finnst mér ekkert endilega eiga að nota eitthvað ákveðið kerfi. Ég geri það ekki. Ég nota ekki eitthvað ákveðið, einhverja hugmyndfræði sko. Mmm nei, ég get ekki sagt að ég geri það sko.

Ég: Ok. Þá bara spurning þrjú. **Hefur nálgun þín breyst frá því að þú byrjaðir að kenna spuna?**

K3: Já, með því að vera að kenna krökkum?

Ég: Já.

K3: Já, já já. Algjörlega. Svona þú veist. Ég lærði ákveðið kerfi og hérna svona og hef mínar skoðanir á því þannig að ég hef svona breytt minni nálgun og reynt að einfalda hana fyrir krakka. Þannig að hérna svona finnst mér svona eins og ég sagði við fyrstu spurningu að tengja meira við það sem þau kunna, það sem þau eru að spila.

Ég: Á þeirra forsendum dálítið?

K3: Já, algjörlega á þeirra forsendum sko. Þau biðja kannski ekki um neitt sérstaklega mikið en þau eru náttúrulega að hlusta á lög sum hver, jazz og svona. Þeim finnst það flott og svona og ég reyni að útskýra fyrir þeim hvað er í gangi og þannig. En kannski ekkert endilega með stækkunargleri sko. Ég reyni svo mikið að velta þessu fyrir mér í stóra samhenginu skilurðu.

Ég: Mhhmm.

K3: Með þú veist, ef við tökum bara lög í einni tóntegund og svo fer maður aðeins minna og kannski skiptir sums staðar ekki um tóntegundir heldur fari eitthvert annað svona útúrdúr í eitthvað svona tvo takta. Það er hægt að skoða það og svo er kannski hægt að skoða þú veist að fara í takt fyrir takt. Það verður kannski hægt að fara í það kerfi. Svona þetta skalaða kerfi.

Ég: Einmitt.

K3: Það er svona, emmm, þannig að ég ef að, já, ég svona, ef að þau eru ekki með neinn ákveðinn fókus þá súmma ég alveg út sko. Þú veist og reyni bara svona að byrja í stóra samhenginu.

Ég: Já. Heyrðu og þá bara fjórða. **Hverjir eru algengustu erfiðleikarnir sem koma upp í spunakennslu byrjenda?**

K3: Já, ég kom kannski aðeins inn á það hérna áðan. Það er það að byrja, að þora að taka stökkið og það er bara mismunandi hver haldreipin eru fyrir þau, hvað þau þurfa til að hérna spinna sko. Eee sum þú veist, fyrir suma hentar að vera með svona forskrift kannski. Búinn að búa til sóló heima, það er eitt .. eee... og annað er sem sagt að fá t.d. pentatónik eða dúr til að vinna úr.

Ég: Mmhmm.

K3: Uhh, já fyrir náttúrulega suma er þú veist flott að heyra mig sjálfan gera eitthvað og þá taka þau sko af skarið.

Ég: Mhmhm.

K3: Emm, þannig að ég svona kall og svar það nota ég svona svolítið.

Ég: Hefur orðið einhver svona einhver rytmaerfiðleikar þegar þú ert að byrja að kenna?

K3: Já, sko það er náttúrulega jafn mikilvægt og hérna maður leggur, kannski er maður svona eee sekur um það að þæla minna í því heldur en í tóninum, skilurðu. Tónarnir eru eitt og rytmi er annað. Emm, en mér finnst samt svona rytmi er oft það sem svona kemur svolítið með því að vera að hlusta. Og þegar við erum að tala um sérstaklega swing. Þetta er náttúrulega svolítið tilfinning.

Ég: Algjörlega.

K3: Maður er búinn að drekkja eyrunum sínum í þessu að þá fær maður þessar ídeur að byrja á fjórum og eða einum og og þannig. Emm en með þá sem eru svona kannski svolítið að

horfa í djassinn þá geri ég svona sér rytmaæfingar með þeim. Þú veist kannski einhvern ákveðinn rytma og shift þú veist og skipti honum um áttundapart. Það er eitt sko. En ekki með byrjendur það bara ... oft kemur líka finnrhythmi út frá þeim svona þegar þau eru ekki að pæla í því.

Ég: Einmitt.

K3: En maður segir stutt og langt sko, þú veist og þagnir og spila, þú veist, það er kannski svoleiðis. Stutta nótu og stutta nótu emm já. Ég fer ekki mikið í eitthvað svona einhverja frasa sko til að byrja með.

Ég: Nei. Aðallega þá tónstigar og eitthvað svona sem þau kannast við?

K3: Já, eitthvað sem þau kannast við sko. Og rytmanir þau kannast við rytmana. En þú veist maður kannski það er kannski þetta tvennt. Þú pælir í tónunum og svo leggur maður það aðeins til hliðar og fer að pæla aðeins í rytmanum og jafnvel kannski að finna rytma og bara þú veist á einum tóni og svo bæta tónunum við þann rytma það er ein pælingin sko.

Ég: Já.

K3: Að svona gera þetta í sitt hvoru lagi en svo blanda þessu saman sko.

Ég: Já. Æði. Ég held bara að þetta sé gott. Geggjað.

K3: Já þú segir bara til sko.

Ég: Ég held að við bara stoppum núna.

K3: Ok. Þú bara lætur mig vita ef þú vilt eitthvað meira.

Kennari 4

Ég: Ok. Og ég byrja bara á fyrstu spurningunni. **Hvernig er þín nálgun á spunakennslu hjá nemenda sem er að byrja í spuna?**

K4: Hún gengur út á að gera einfalda hluti fyrst og að útskýra frekar lítið í byrjun. Byrja á því að eiga við eina hljómgærð og prófa bara einhverjar örfáar nótur. Og kynnast svo einum tónstiga í tengslum við þann hljómgærð og bæta svo annarri hljómgærð við. Þannig í stutti máli gengur mín nálgun út á að kenna ekki hljómgærð til að byrja með. Og einhverja greiningu eða allar kirkjutöntegundirnar eða öll sætin eða heimahljóma dúr tónstigans. Sem sagt að

lágmarka það og byrja að gera hluti strax. Það er svona grundvöllurinn í því hvernig ég hugsa. Og hef þróast út í að hugsa á löngum tíma eftir að hafa verið að dila við þetta nokkuð lengi. Þá er það svona aðal þælingin, sko. Og ef fólk er hrætt við þetta eða eitthvað svoleiðis eða bara kannski vilja ekki taka neina sénsa þá bara byrjum við á svona hlutum eins og að spila með þeim. Skiptast á að spila og hvor spilar eina nótu og svo spilar hvor tvær nótur og svo kannski þrjár og leiða fólk áfram þangað til að það er allt í einu farið að gera þetta án þess eiginlega að vita að það sé farið að gera það. Ég hugsa þetta svolítið svoleiðis.

Ég: Já.

K4: Og svo hugsa ég þannig að það séu fjórar hljómgerðir sem eru algengastar í svona tónlist. Major sjöund, moll sjöund, hálfmínkaður hljómur og forsjöundar hljómur. Og ef maður hefur lausn fyrir hvern þeirra, þá getur maður gert bara heilmikið. Það er að segja fyrir þrjá þeirra er nóg að hafa einn tónstiga til að byrja með. Fyrir dúrinn, mollinn og hálfmínkaða hljóminn. Fyrir forhljómsanna þarf maður svona helst að hafa þrjá möguleika eftir því hvert hlutverk forhljómsins er og stað. En með því að tileinka sér svona sex tónstiga, kannski á einni önn eða jafnvel heilum vetri ef maður er með yngri nemanda, þá getur maður verið kominn á þann stað að maður getur bjargað sér í gegnum rosalega margt. Og kannski getur maður sagt að stundum séu aðrir kostir sem eru jafn góðir eða betri en þessir kostir ganga upp. Þannig að maður fái einhver tól, getur byrjar að vinna með þau og hafa eitthvað gaman strax. Það er eiginlega mín grundvallar forsenda. Þetta er auðvitað líka hægt að gera með blússkalanum líka og blúsforminu.

Ég: Einmitt.

K4: Það er bara fint. Ég fer meira hina leiðina af því að stundum er erfitt að koma fólki út úr blúsforminu þegar það er komið þangað. Því það er svo gaman. En það er bara frábært líka.

Ég: Já.

K4: Þannig að ég geri þetta yfirleitt svona, allaveganna eins og er.

Ég: Já. Það var einmitt viðbótar spurning. Þú ert ekkert sérstaklega mikið í pentatóníkinni til að byrja með?

K4: Nei. Ég hef ekki gert það þannig. Eftir að ég er kominn inn í þetta sem ég var að lýsa þá höfum við kannski notað blúsformið án þess að vera að pæla í hljómunum og nota moll pentatóník og blússkalann þar. En pentatóníkin er vissulega möguleiki, sko. Þetta er kannski

af því að ég geng út frá þessum hugsunum um að skilja hljóm og tónstiga. Þegar maður notar pentatóníkuna yfir annað en blús þá er það yfirleitt þannig að maður er að nota pentatóník yfir meira en einn hljóm.

Ég: Já.

K4: Yfir eitthvað svæði sem er í sömu tóntegund, sko. Sem er, enn og aftur, bara fint. En þá nær maður ekki strax þessari tengingu um nótnavalið yfir hljóminn.

Ég: Já, ég skil.

K4: Ég legg áherslu á það að læra að þekkja nóturnar miðað við hljóminn. Sem sagt að hugsa 1,2,3,4,5,6,7 og hvernig hljómar nóta númer tvö og hvernig hljómar nóta númer þrjú og reyna að kynnast þeim og skilja þær sem sound. Sem maður gerir kannski ekki jafn mikið í pentatóníkinni.

Ég: Nei.

K4: En hún er engu að síður náttúrulega bara mjög efektív og mikið notuð. Þannig það er bara sjónarmið líka.

Ég: Já, einmitt. Ok, frábært. Þá er það bara spurning tvö. **Notar þú eitthvað ákveðið spunakennslu efni?**

K4: Nei. Ég nota iReal forritið mikið bæði með því að spila yfir staka hljóma, búa til loop-ur og ég náttúrulega spila á píanó líka og nota þá svona hluti eins og að zooma inn á einhverja staði kannski í lagi og lengja hljóma eða vampa á hljómunum. Þetta er kannski þessi sama hugmynd um að lengja tímann og fækka möguleikum um því að vandinn við spunakennslu er að hlutirnir gerast rosalega hratt. Allt í einu er næsti hljómur eða næsta taktstrik komið í andlitið á manni og hljómurinn farinn framhjá og nemandinn nær ekki sambandi. En ef maður getur aukið tímann og/eða fækkað möguleikum í nótnavali, að þá er auðveldara að ná sambandi. Mér finnst þetta snúast svo mikið um það að nemandinn tengi og nái sambandi.

Ég: Já.

K4: Þannig að aðal kennslutækið sem ég nota er iReal í þessu og ég bendi fólki á að búa sér til æfingar heima í því.

Ég: Já.

K4: Og svo spila ég á píanó. Og ef þeir spila á gítar eða píanó að þá geta þeir hljóðritað undirleik sjálfir. Það er allskonar möguleikar.

Ég: Einmitt.

K4: En ég nota ekki kennslubækur sem slíkar í byrjendakennslu. Ég notaði það áður. Stundum Jamey Aebersold efnið. Play along plötur. Sérstaklega eina sem heitir Major Minor. Sem er undirleikur. Hvert lag er bara ein tóntegund. Ein plata sem eru allir dúrarnir og önnur sem eru allir mollarnir.

Ég: Já.

K4: En nú þarf maður þetta ekki lengur af því að maður getur bara búið þetta til í þessu ágæta forriti.

Ég: Já, einmitt.

K4: Þannig að það er í rauninni það. Ég hef hins vegar náttúrulega lesið allskonar spunakennslubækur og byggi auðvitað mína nálgun kannski á allskonar hlutum sem hef kynnst og reynt. Þar með talið ábyggilega einhverjar bækur sem ég hef kynnst eða kennsla sem ég hef kynnt en mikið til samt er þetta byggt á minni eigin reynslu.

Ég: Já. Ok. Þá er það bara spurning þrjú. **Hefur nálgun þín breyst frá því þú byrjaðir að kenna spuna?**

K4: Já. Hún hefur breyst mikið. Ég byrjaði svona meira hljómfræðimiðað, sko. Maður lærði þannig sjálfur þegar FÍH skólinn byrjaði árið 1980 þá var það eina sem var í boði var svona jazzhljómfræðikennsla. Það voru engir einkatímar á saxófón í boði þá og lítil spunakennsla en það var svona hljómfræði og útsetningar sem voru í boði og manni fannst það náttúrulega bara alveg frábært. Og það voru heilmiklar upplýsingar sem að komu þar.

Ég: Já.

K4: En þær voru í þessu svona hljómfræðikennslu formi.

Ég: Já.

K4: Kirkjutóntegundir og heimahljómar og allt þetta. Þannig ég kenndi töluvert þannig framan af, sko.

Ég: Mmhhh.

K4: Byrjaði á að teikna allt þetta dót upp á töflu og svona. Svo fór ég að sjá að þetta virkaði ekki fyrir alla. Virkaði fyrir suma. Annað hvort þá sem eru mjög áhugasamir eða mjög klárir og helst bæði.

Ég: Já.

K4: En ekki alla. Nú er ég ekki að gera lítið úr þessu dóti. Þetta eru allt upplýsingar sem að maður þarf að hafa.

Ég: Algjörlega.

K4: Þetta er bara spurning um röð hlutanna. Hvenær fer maður í að horfa á þá heildarmynd, sko.

Ég: Já, kannski of stór biti.

K4: Ég held að þetta sé of stór biti fyrir mjög marga, sko. Og sérstaklega þegar maður er að tala um yngri krakka að þá er hann náttúrulega bara allt of stór, sko. Af því að þetta snýst svo mikið um, eins og ég segi, að prófa og byrja strax, hafa gaman. Mega leika sér með dótið, þú veist, þetta sé ekki eins og maður sé alltaf að stilla upp fyrir leikinn en svo byrjar leikurinn aldrei.

Ég: Einmitt, já.

K4: Það er það sem að vill stundum vera. Ef það eru of miklar tæknilegar upplýsingar fyrst, sko.

Ég: Já, algjörlega. Þá er það bara seinasta spurningin. **Hverjir eru algengustu erfiðleikarnir sem að koma upp í spunakennslu byrjenda?**

K4: Þar er náttúrulega hræðsla og feimni getur verið en möguleiki. Og leiðin framhjá því finnst mér vera þetta sem ég er að nefna að byrja bara að spila einn tón, svo spilum við tvo. Þannig skrefin séu svo mörg og svo lítil að maður finni eiginlega aldrei neinn mun. Það verði aldrei erfitt.

Ég: Já.

K4: Og nemandanum finnst hann alltaf vera öruggur. Svo náttúrulega til þess að komast af stað að gera eitthvað að þá er það þetta. Svo þegar kannski er komið aðeins lengra þá kannski, svona vandamál eru kannski eins og fólk hlustar ekkert á einhverja svona músík, eins og það sem er verið að vinna með.

Ég: Já.

K4: Þannig að það er annar hlutur sem ég hef reynt að auka dálítið í minni kennslu. Sérstaklega með einkanemendur á saxófón að setja þeim fyrir hlustun.

Ég: Já.

K4: Ég hef verið með nemendur....Ég var með einn í þrjú ár sem að fékk alltaf plötu vikunnar.

Ég: Já.

K4: Og svo töluðum við um plötu vikunnar í næsta tíma.

Ég: Já, einmitt.

K4: Þannig ef maður ætlar að spila einhverja rytmíska músík, þetta er klárlega með djassinn ég held í rauninni að þetta sé eins með rokk eða blús eða fönk, að ef maður er ekki með í eyranu svona nokkurn veginn hvernig þetta á að hljóma. Og þá er ég ekki að tala um að gera kópiu af einhverju öðru heldur hvernig það þarf að vera til að það sé innan stóra mengisins, að það passi inn í ramman sem er eðlilegur stíll.

Ég: Já.

K4: Þá þarf maður að vera með eitthvað sound í eyrunum. Og ef maður hlustar ekki mikið á músík að þá kemur það aldrei. Og þá verður þetta allt svolítið erfitt einhvern veginn. Mér finnst það vera hlutur sem að skiptir máli og stundum þegar lítið skeður þá held ég að það sé partur af rótinni.

Ég: Já.

K4: Og annað vandamál er svo ef fólk er ekki að spila með neinum öðrum, ekki í skólanum eða einhversstaðar annars staðar, þá koma ekki nein praktísk not fyrir þetta dót.

Ég: Nei, einmitt.

K4: Og þá er þetta líka allt svona hálf tilgangslaust. Þannig að til þess að þetta virki þá þarf þetta að vera svona þríþætt. Það þarf að vera einhverskonar input frá kennaranum með hæfilegu magni upplýsinga og það þarf að vera output í því að nemandinn noti þetta og það eykur áhugann og er félagslegt.

Ég: Já.

K4: Og svo þarf að vera hlustun sem að gefur okkur fyrirmynd í víðasta skilning orðsins.

Ég: Já.

K4: Þannig vandamálið verður þegar eitthvað af þessum hlutum vantar. Eða það vantar áhuga og stundum vantar kannski áhuga af því að það er ekki verið að spila. Það er ekki félagslegt samhengi eða eitthvað svona.

Ég: Einmitt.

K4: Þetta eru svona vandamálín sem að ég kannast helst við, sko.

Ég: Já. Hefur þú rekist á eitthvað svona rytmísk vandamál hjá einhverjum byrjendum sem eiga erfitt með að spila rytmískt?

K4: Já, já. Ég meina, það er einn möguleiki. Og sumir eiga erfiðleika með að tileinka sér svona tæknilega flókna hluti eins og hljómfraðilega hluti. En ég held líka að með rytmíska þáttinn að þar aftur skiptir hlustunin dálítið miklu máli. Ef maður er með það og ef maður fer að spila með og helst að reyna að pikka eitthvað upp. Þá verður náttúrulega ögrunin að reyna að finna eitthvað sem er nógu einfalt.

Ég: Mhm.

K4: Til þess að það sé gerlegt, sko.

Ég: Já.

K4: Ég held að það séu elementin sem stýra þessari hlið. Að maður sé í tengingu við grunninn, sko.

Ég: Einmitt.

K4: Já.

Ég: Ok, frábært. Er eitthvað sem að þú vilt bæta meira við, eða?

K4: Nei. Eða ég hefði kannski getað sagt það skýrar áðan að, sko...af því þú spurðir hvernig nálgun mín hefði breyst, eða hvort hún hefði breyst.

Ég: Já.

K4: Hún hefur eiginlega snúist við, sko. Með endann sem maður byrjar á.

Ég: Ég skil þig.

K4: Það er eiginlega það sem hefur gerst.

Ég: Já. Myndir þú segja að þú reynir að láta nemendur spila meira lagrænt heldur en meira svona theorískt?

K4: Já. Sumir kennarar í svona vinna mikið með að láta nemendur brjóta upp hljóma og svoleiðis.

Ég: Já.

K4: Ég geri það frekar lítið. Ég reyni meira að hugsa, hérna er þetta mengi af nótum sem eru oftast sjö nótur sem við notum sem grunn ofan á einhverjum hljómi. Og svo förum við inn í einhvern annan hljóm og þar breytist mikið. En að við reynum að búa til eitthvað lagrænt og hugsa í setningum eins og við séum að segja sögu og tengja á milli hljóma og yfir taktstrik og eitthvað svoleiðis. Ég byrja frekar snemma að tala um þannig hluti.

Ég: Já.

K4: Þannig að þetta virki lagrænt og organískt, þó það sé alveg gagnlegt að geta brotið upp hljóma og allt svoleiðis. Það er ákveðin hugaleikfimi og fingraleikfimi sem þarf í það. Það eru svona skills sem eru gott að hafa. En þá held ég að það leiði út í, ef maður er að hamast í því mjög snemma, að það verði ekki mjög melódískt, sko.

Ég: Já, einmitt.

K4: Og það verði önnur stærðfræði sem að kemur inn þar, sko. Þannig ég hef frekar lítið notað það.

Ég: Já.

K4: Getur vel verið að ég ætti að nota það meira en á einhverju öðru stigi þá. Ekki á byrjun, sko.

Ég: Já, algjörlega. Ég skil þig.

K4: Annars held ég að það sé enginn heilagur sannleikur í þessu. Þetta er bara maður prófar sig áfram og ég á vonandi eftir að kenna í nokkur ár í viðbót og kannski þetta eftir að breytast meira.

Ég: Mhm.

K4: Ég get kannski bætt inn, sko. Líka með flóknari hluti. Þetta sem ég sagði áðan með að lengja tímann og fækka nótunum.

Ég: Já.

K4: Erfiðari og flóknari hlutir eins og altered skalinn eða dim skalinn eða eitthvað svolleiðis, sko. Þá nota ég þá aðferð að vera með nótna grúppur. Tvær þrjár nótur sem eru vel valdar sem að gefa okkur kjarnann í soundinu sem er í þessum lit. Sem er þá liggur bæði í hljóminum og tónstiganum sem við erum að nota.

Ég: Já.

K4: Og við erum að hugsa að hljómur og skali er eiginlega eitt og hið sama í lárétu eða lóðrétu formi. Þannig ég er alltaf að hugsa um einfalda leið til þess að geta sett höndina á fyrirbærið og geta náð tökum á því.

Ég: Já.

K4: Og kannski aðallega það að heyra það, sko. Að nemandinn fari að heyra þetta sound sem að er í þessu fyrirbæri X sem við erum að díla við.

Ég: Einmitt.

K4: Þannig þetta er eiginlega það sama þó að þetta sé talsvert lengra komið. Meira advanced stöff. Þá er þetta samt sama hugsun og í byrjun þegar við byrjum á því að spila eina nótu eða tvær nótur.

Ég: Já.

K4: Við fikrum okkur inn í þetta, reynum að heyra það og skilja það og leika okkur með það. Þetta er pælingin.

Ég: Ok, frábært. Þá held ég að við séum góðir.

K4: Olræt.

Kennari 5

Ég: Þá er það bara fyrsta spurning. **Hvernig er þín nálgun á spunakennslu hjá nemanda sem er að byrja í spuna?**

K5: Já. Bara tengi það svolítið við pentatónískatónstiga eða blústónstigann.

Ég: Ok.

K5: Af því að kannski blús tónstiginn að mörgu leyti bara liggur betur á píanóinu sem tónstigi heldur en penta. Og ég byrja yfirleitt að tengja það við eitthvað lag sem við erum að spila.

Ég: Já.

K5: Og, hérna, bara nota þá í rauninni lagið til þess að æfa tónstigann svolítið sem bara línu.

Ég: Já.

K5: Og er verið að æfa hendingamótun í leiðinni.

Ég: Algjörlega.

K5: Við förum upp tónstigann og stoppum. Og svo kannski kemur hann niður aftur, þú veist, það er þá bara eins og næsta laglínu hending, sko.

Ég: Ég skil þig.

K5: Þannig að þetta sé ekki svona viðstöðulaust eitthvað tónstigi upp og niður, fjórar áttundir, eða eitthvað.

Ég: Já, einmitt.

K5: Og svo jafnvel bara...svo er náttúrulega voðalega misjafnt eftir fólki hversu auðvelt það á með þetta. Og kannski að spila með báðar hendur jafnvel, þú veist. Það getur verið...hérna setur allt úr skorðum, sko.

Ég: Já.

K5: Að hafa tvær hendur. Og þá reyni ég bara að brjóta þetta niður í svona meðfærilegar einingar sem eru samt alltaf eitthvað sem að maður getur, sko, sem að verður svona hluti af orðaforðanum þínum.

Ég: Mmhmm

K5: Að þú getur brotið eins og blústónstigann, niður í að nota hálfan tónstiga. Þá liggur hann innan handar á píanóinu.

Ég: Ég skil þig.

K5: Þú þarft ekki að færa þig neitt. Og hvað er hægt að gera við það. Og ef að það er það sem að viðkomandi ræður við, fjórar nótur, þá leikum við okkur bara hvað er hægt að gera með þessar fjórar nótur, þú veist. Það er hægt að byrja á efstu nóttunni, koma til baka eða eitthvað svoleiðis.

Ég: Algjörlega.

K5: Og svo smám saman kannski þá fara að reyna að ná honum upp í áttund og til baka.

Ég: Mmhmm

K5: Og svo þegar það er orðið auðvelt, þú veist, getur þú alltaf stækkað, sko, sviðið. Farið upp í tíund eða lengra.

Ég: Einmitt.

K5: Og svo að búta niður í helming. Byrja í miðjunni og svo skoða....

Ég: Á tónstiganum sem sagt?

K5: Já. Byrja í miðjunni á tónstiganum. Fara upp eða fara niður. Hvernig hljómar það?

Ég: Mmhmm.

K5: Hvað með ef þú kemur með eina nótu langa?

Ég: Já.

K5: Svólítið eitthvað svona, þú veist. Af því að sumir eiga mjög erfitt með að bara gera eitthvað sem þeim finnst vera sannfærandi, sko.

Ég: Skil þig.

K5: Ef þau vita ekki hvað þau ætla að gera þá náttúrulega hljómar það hikandi líka.

Ég: Já.

K5: Og þá hljómar það ekki vel endilega.

Ég: Já. Frekar að takmarka nóturnar og hvað er í boði þá verður það einfaldara.

K5: Já. Og reyna að gera eitthvað svona skemmtilegt úr því, sko.

Ég: Mmhmm algjörlega. Ok, frábært. Þá bara önnur spurning. **Notar þú eitthvað ákveðið spunakennslu efni?**

K5: Nei.

Ég: Ok.

K5: Nei, eða þú veist, ég nota bara mína aðferð.

Ég: Já.

K5: Sem ég hef svona dottið niður á í gegnum tíðina.

Ég: Einmitt.

K5: Sem er þetta að...hvernig við myndum okkur orðaforða úr tónstiganum.

Ég: Já.

K5: Og, hérna, ég hef ekki fundið neina svona einhverja bók sem að hentar á þessu stigi. Það er svona meira um bækur fyrir bara eiginlega hálf fullorðið og lengra komna. Þú veist þeir sem eru komnir á framhaldsstig eða eitthvað.

Ég: Já, einmitt.

K5: Þá er þetta svona miðað við að það sé ákveðin færni til staðar og svona.

Ég: Já. Kannski full flókið eitthvað efni sem er til.

K5: Já. Eða það sem ég veit um, sko.

Ég: Já, einmitt. Algjörlega. Ok, þá er það þriðja spurningin. **Hefur nálgun þín breyst frá því að þú byrjaðir að kenna spuna?**

K5: Algjörlega.

Ég: Já. Hvað myndir þú segja að séu svona aðal hlutirnir sem hafa breyst?

K5: Já, bara, ég held að ég hafi fundið...eða komist að þeirri niðurstöðu að það væri bara auðveldast að byrja með þennan blústónstiga frekar en penta eða að vera í tóntegundinni.

Ég: Já.

K5: Og þannig að ég, svona...já, mér hefur fundist það skila bestum árangri.

Ég: Mmhmm

K5: Þannig að núna er ég, þegar ég er að fá einhvern sem er að byrja í spuna, þá er ég bara með mjög svona eiginlega ákveðið kerfi sem að ég hérna fer í.

Ég: Mmhmm.

K5: Og... af því að þá einhvern veginn er strax hægt að ná ágætu sóló .

Ég: Já, ég skil þig. Og strax farið af stað í að spinna í rauninni.

K5: Já. Og bara, þú veist, læra eitthvað lag og núna gerum við bara sóló og svo bara er þetta flott sóló. Og þá náttúrulega nemandinn, einhvern veginn, upplifir þetta sem auðvelt.

Ég: Já.

K5: Og með því að svona.... Já, ég tala líka svolítið mikið um hendingamótun líka.

Ég: Mmhmm.

K5: Af því að um leið og laglínan er farinn og maður er með einhverskonar víðáttu, sko.

Ég: Já.

K5: Og þú átt að fara að gera eitthvað sóló að þá verður það oft svona bara leitandi.

Ég: Að spila endalaust án þess að taka einhverjar meðvitaðar ákvarðanir.

K5: Já. Nú ætlum við bara að spila hérna yfir þennan hljóð eða við spilum yfir þennan takt og svo stoppum við.

Ég: Já, einmitt.

K5: Byrjum aftur hérna og er kannski með þetta bara mjög ferkantað með að... hérna byrjum við, hérna byrja, stoppa, byrja. Og svo má alltaf þróa eitthvað út frá því.

Ég: Já.

K5: En hérna...já, af því að það er svolítið vont ef að nemendur upplifa sig sem, þú veist, einhvern veginn að maður sé ekki góður í þessu.

Ég: Já.

K5: Að þá langar honum ekki að gera þetta.

Ég: Einmitt, eðlilega.

K5: Já.

Ég: Þannig að þú í rauninni nálgast það frekar í stefnumyndunar nálguninni heldur en að kenna fullt af tónstigum og þess háttar.

K5: Já. Ég bara.... fyrir sérstaklega svona byrjendum, sko, eða þú veist aðallega í grunnprófi að nota bara blústónstigann og náttúrulega um leið og við förum í aðra tóntegund á píanóinu þá er þetta kannski önnur fingrasetning og þú ert alltaf að læra einhverja aðra hljóma líka.

Ég: Einmitt.

K5: Þú veist, þegar maður er kominn í grunnprófið að þá er miðað við fimm tóntegundir.

Ég: Mmhmm.

K5: Og þá er svolítið verið að reyna að þjálfra þau í að ná færni í tónstiganum, að hann sé í puttunum, sko. Í þessum tóntegundum.

Ég: Já.

K5: Og byrjum einhversstaðar bara segjum, byrjum kannski á a blús eða eitthvað og svo tökum við eitthvað annað lag sem er með d blús þá getur þú svolítið tekið reynir bara markvisst taktu hugmyndina sem þú ert með úr þessari tóntegund og komdu með hana yfir í hina...

Ég: Já.

K5: ...þú prófar bara að spila nákvæmlega sama lick-ið sem þú bjóst þér til eða eitthvað.

Ég: Einmitt.

K5: Og svona hvernig, þú veist, að fara með það yfir í tóntegundir þetta er svolítið sama stöffið, sko, og þá verður alltaf auðveldara að fara yfir í nýja tóntegund.

Ég: Já.

K5: Þó hún sé ný þá kannt þú samt einhvern veginn eitthvað, sko.

Ég: Einmitt

K5: Og hérna... og svo bara eiga sumir náttúrulega bara mjög auðvelt með það að búa eitthvað til og leika sér en aðrir eru enn þá voða svona vita ekki hvað þeir eiga að gera.

Ég: Einmitt.

K5: Kannski bara setja þeim alveg fyrirmæli. Komdu með þrjár slaufur sem þú bjóst þér til.

Ég: Já einmitt. Notar þú einhvern tímann, sem sagt, hljóma eins og bara eins og þetta er á píanóinu ef að þú ert kannski að spila hljóm í vinstri hendi eða svona heilt að þú notar það

sem spunaefni að segir bara brjóttu þennan sem þú leggur vanalega. Hefur eitthvað verið að gera það líka?

K5: Já ég hef gert það líka, já.

Ég: Ok frábært, þá komum við kannski bara að seinustu spurningunni.

K5: Ok.

Ég: **Hverjir eru algengustu erfiðleikarnir sem koma upp í spunakennslu byrjenda?**

K5: Ég held þeim finnst leiðinlegt að æfa þetta heima.

Ég: Já.

K5: Og þá kannski... já, þetta er bara einhvern veginn of opið, þetta er of mikil víðátta í staðinn fyrir að þú fái eitthvað blað heim og átt að læra það sem er á blaðinu, sko.

Ég: Já.

K5: Og, þú veist, þannig ég held að því nákvæmari leiðbeiningu sem maður getur gefið því auðveldara er það fyrir flesta, sko.

Ég: Auðveldara að átta sig á hlutnum?

K5: Já, hvað þú átt að æfa. Af því ef þetta er eitthvað farðu heim og æfðu sóló þá bara, þú veist, það verður einhvern veginn erfitt að byrja á því einn heima með engan að spila með sér og eitthvað svona og þá kannski líka.... þú veist, það eru kannski ekki allir til í að fara að sækja Ireal og fara að nota það alveg strax og það er kannski ekki endilega efnið sem að hentar.

Ég: Nei, einmitt.

K5: Ekki með byrjendur.

Ég: Já.

K5: Já, það er kannski svona, já, helst rekið mig á það og mér finnst svona áskorun vera að gera þetta eitthvað spennandi, þú veist, af því mig langar bara að spila eitthvað lag sem að hljómar vel.

Ég: Já, einmitt og ef að maður er óreyndur í spuna þá er líklegt að það hljómi ekkert sérstaklega vel til að byrja með.

K5: Nei svo bara er það: Af hverju? Þarf ég endilega að taka sóló, má ég ekki bara fá nýtt lag núna? Bara læra lagið og ég bara spila lagið.

Ég: Já, einmitt.

K5: Og svo er lagið búið, af hverju þurfa bara eitthvað alltaf að vera sóló? Það kemur stundum. Þarf alltaf að vera sóló? Þú veist, og maður bara *andvarp* já.

Ég: Mmhhh. Algjörlega, ég skil.

K5: Það hafa ekki allir áhuga á því, sko.

Ég: Já. Og líka kannski... Hefur þú fundið fyrir svona hræðslu við það að taka sóló? Að þora að spila bara eitthvað.

K5: Já, meira hjá stelpum heldur en stráku.

Ég: Ok, já.

K5: Eða allavega svona ef að einhver annar er að hlusta, sko.

Ég: Já, einmitt. Kannski er... meira öruggara umhverfi ef að það er bara nemandi og kennari?

K5: Já. Ég held að strákar virðast almennt vera meira sama um hvað öðrum finnst.

Ég: Já.

K5: Á meðan stelpur hafa mjög miklar áhyggjur af því.

Ég: Já, einmitt. Því miður.

K5: Já.

Ég: Einmitt. Ok, þá bara er ég mjög sáttur.

K5: Já.

Ég: Takk fyrir þetta. Þá erum við bara góð.

K5: Það var nú ekki mikið.